



FRÉTTABLAÐIÐ

250. TÖLUBLAÐ 21. ÁRANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 21. DESEMBER 2021



Ögmundur Jónasson, fyrrverandi dómsmálaráðherra, mótmælti í gær við sendiráð Bretlands vegna máls Julians Assange, stofnanda Wikileaks, sem biður framsals til Bandaríkjanna. „Hættið að ofsækja frelsið. Látið Julian Assange lausan,“ segir í bréfi til breska sendiherrans. Í bréfinu segir Ögmundur enn fremur að hann muni áretta þessa kröfu á þar til gerðu skilti fyrir framan sendiráðið aftur í dag og á morgun klukkan 12.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Launakostnaður ríkisins jókst um nærri fimmtíu milljarða milli ára

Ríkisstarfsmönnum hefur fjölgað um riflega þúsund á þriggja ára tímabili. Lífeyris- og álagsgreiðslur mismunandi eftir tímabilum.

bth@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA 21.605 Íslendingar voru ríkisstarfsmenn í árslok 2020. Fjöldi stöðugilda var 18.107. Heildarlaunakostnaður nam 278,9 milljörðum króna og óx um 49,2 milljarða milli ára.

Stöðugildum hjá ríkinu fjölgaði á þriggja ára tímabili úr 17.050 í

Heildarfjöldi ríkisstarfsmanna

Ár	Fjöldi starfsmanna
2017	20.039
2018	20.607
2019	21.048
2020	21.065

18.107 eða um 1.052 starfsmenn.

Þetta má lesa í ríkisreikningi.

Þar kemur einnig fram að heildarlaunagreiðslur voru mun hærri árið 2018 en 2019 þannig að hækkanin er ekki alltaf línuleg milli ára.

Ingbór Karl Eiríksson fjársýslustjóri segir að inni í þessum tölum

séu ekki bara útgreidd mánaðarlaun.

„Þetta er heildarlaunakostnaður. Undir það falla lífeyrisskuldbindingar og launatengd gjöld,“ segir Ingbór.

„Álagsgreiðslur og annað kemur þarna inn, allt sem tengist launum,“ bætir Ingbór við.

Í árslok 2020 fengu 6.486 karlar greidd laun úr ríkissjóði en 11.621 kona.

Hlutfall kvenna var því 64,2 prósent af öllum ríkisstarfsmönnum árið 2020. Karlarnir voru 35,8 prósent ríkisstarfsmanna.

Mjög er mismunandi eftir árum hve ríkisstarfsmönnum fjölgar ört. Óveruleg fjölgun varð í þeirra röðum 2019-2020, eða innan við tuttugu manns. Milli 2018 og 2019 varð skrið þegar fjölgaði um nálega 430 ríkisstarfsmenn. Mesta fjölgunin varð milli árunna 2017-2018 eða sem nemur tæplega 600 manns.

Ingbór segir að hann sé ekki rétti maðurinn til að svara þeirri spurningu hvort þessi kostnaður sé orðinn sligandi fyrir íslenska ríkið. Þá segir Ingbór að aðeins vanti upp á að hægt sé að ræða tölur fyrir árið sem er að líða. ■

Ítrekar ásakanir á hendur Ásgeiri

gar@frettabladid.is

HÖFUNDARRÉTTARMÁL „Mergur málsins er að ritstuldu er ólíðandi lögbrot sem enginn á að komast upp með,“ segir Árni H. Kristjánsson sagnfræðingur í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag þar sem hann heldur fast í ásakanir á hendur Ásgeiri Jónssyni seðlabankastjóra um ritstuld í skrifum fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis.

Eins og kunnugt er hefur Ásgeiri Jónsson hafnað öllum ásökunum um ritstuld. Árni kveður Ásgeir hins vegar hafa viðurkennt ritstuldinn. „Ég var beittur miklum órétti í skjóli Alþingis og það er mikilvægt að hið sanna í öllu málinu komi í ljós,“ skrifar Árni. **SJÁ SÍÐU 13**


Mitsubishi Eclipse Cross PHEV

Tryggðu þér 4x4 tengiltvinnbíl fyrir áramót!

Fullnýttu þér niðurfellingu virðisaukaskatts áður en ívilnanir tengiltvinnbíla verða lagðar af og sparaðu **960.000 krónur**. Eclipse Cross PHEV frá aðeins **5.490.000 kr.** og jólapakki fylgir!

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/mitsubishisalur

*Um áramót falla niður ívilnanir stjórnvalda og þar með niðurfellingar á virðisaukaskatti sem eru um 960.000 kr.



Útskrifaðist eftir 6.500 kílómetra ótrúlegt ferðalag

benediktboas@frettabladid.is

SKÓLAMÁL Aref Qasemi útskrifaðist á sunnudag úr Tækniskólanum af pípuþingabraut, 22 ára gamall. Í bréfi skólans segir að Aref sé frá Afganistan og hafi komið hingað til lands árið 2016 eftir að hafa orðið viðskila við fjölskyldu sína á leiðinni til Íran.

Hann var í fimm ár á flóttu og ferðaðist 6.500 kílómetra til þess að komast til Íslands.



Aref Qasemi

Eftir komu sína til landsins lét Aref reyna á fjölskyldusameiningu, sem tókst að lokum og nú er fjölskyldan öll búsett hér á landi. Nú vinnur hann hjá SÍH pípuþingnum og stefnir á meistaranám í sama fagi. Það er skemmtileg staðreynd að bróðir Arefs stundar nú nám við sömu braut.

Aref hlaut verðlaun fyrir góða ástundun og þrautseigju í námi en alls voru 344 nemendur brautskráðir. ■

Jólainnkaupin kláruð í kapphlaupi við tímann



Það var líflegt um að litast í Smáralind í gærkvöldi þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði. Fjöldmargir höfðu lagt leið sína í verslunarmiðstöðina enda allar líkur á að kynntar verði harðar aðgerðir fram yfir jól og því betra að vera búin að klára jólagjafir áður en aðeins örfáir mega koma inn í búðirnar til að finna eitthvað gott í pakkana.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hertar aðgerðir verða kynntar í dag

benediktboas@frettabladid.is

COVID-19 Ef farið verður eftir minnisblaði Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis munu hertar aðgerðir verða kynntar eftir ríkisstjórnarfund í dag.

Samkvæmt frétt á Vísi í gær leggur Þórólfur til 20 manna samkomubann og að skólar hefjist síðar en ráðlagt var eftir jólafrí, eða 10. janúar. Minnisblaðið sendi hann til Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra í gær.

Fjöldi Covid-smita hefur verið að greinast að undanfögnu og náði hámarki á sunnudag þegar alls 220 greindust. Þá greindust 18 á landamærunum. Vanalega fara færri í skímun á sunnudögum og því er hugsanlegt að enn fleiri hafi greinst í gær.

Ráðherranefnd fundar um tillögur sóttvarnalæknis klukkan þrjú



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

í dag. Ríkisstjórnin fundar í dag og væntanlega verður tilkynnt um aðgerðir að fundi loknum. Núverandi reglugerð gildir til miðnættis á miðvikudaginn.

Alls eru rúmlega þrjú þúsund manns í sóttkví og um tvö þúsund í einangrun. Þá liggja ellefu á sjúkrahúsi en tveir á gjörgæslu. ■

Enginn á fyrsta ári og bara einn á öllu unglíngastiginu

Aðeins einn nemandi er eftir á unglíngastigi á Raufarhöfn. Enginn í fyrsta bekk. Áður voru yfir hundrað nemendur við grunnskólann.

bth@frettabladid.is

BYGGÐAMÁL Raufarhöfn er í hópi þeirra byggðarlaga þar sem fækkun fólks hefur orðið hvað örúst undanfarið. Árið 2001 voru 338 íbúar samkvæmt Hagstofunni búsettir á Raufarhöfn. Nú, 20 árum síðar, hefur íbúafjöldi nánast helmingast og er 174 manns.

Mikil merki þessa koma fram í grunnskólastarfi. Birna Björnsdóttir sem sinni kennslu á Raufarhöfn um átján ára skeið, segist þó reyna að horfa á björtu hliðarnar.

„Það eru að minnsta kosti ekki vandkvæði á því að nemendur grunnskólans okkar fái einstaklingsmiðaða kennslu,“ segir Birna.

Staðan á Raufarhöfn er þannig skólaárið 2020-2021 að aðeins einn nemandi er eftir á öllu unglíngastiginu. Hann sækir skóla á Raufarhöfn fjóra daga vikunnar en einn dag í Lundi.

Átta nemendur eru samanlagt á Raufarhöfn í 2.-7. bekk. Enginn nemandi er í 1. bekk, tveir eru í 2. bekk, einn nemandi er í 3. bekk, einn í 4. bekk, tveir í 5. bekk og einn nemandi í 6. og 7. bekk. Vel yfir 100 nemendur stunduðu nám í skólahúsinu á Raufarhöfn þegar best lét.

„Það tekur auðvitað svolítið á að fylgjast með þessari þróun,“ segir Birna. „En ég vil ekki barma mér, fólk er alls ekki á vonarvöl en auðvitað vantar okkur fleira fólk og þá ekki síst foreldra sem eiga börn á grunnskólaaldri.“

Birna sat áður í sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps. Hún telur að stjórnvöld mættu fara í það sem hún kallar „róttækari byggðað-



Þar sem voru yfir hundrað nemendur eru nú færri en tíu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Það eru að minnsta kosti ekki vandkvæði á því að nemendur grunnskólans okkar fái einstaklingsmiðaða kennslu.



Birna Björnsdóttir, íbúi á Raufarhöfn



Úr starfi grunnskólans á Raufarhöfn.

gerðir“. Hún bindi vonir við fleiri störf án staðsetningar, enda kjósi hluti landsmanna alltaf strjálbýli umfram þéttbýli.

Í samantekt Vífils Karlssonar hagfræðings kemur fram að heildartekjur sveitarfélaga voru árið 2019 alls 354 milljarðar. Þær skiptust þannig að 60 prósent voru útsvarstekjur, 13 prósent voru fasteignaskattur, 13 prósent komu úr jöfnunarsjóði og 14 prósent voru þjónustutekjur og aðrar tekjur.

Mikilvægi íbúa á vinnumarkaði fyrir tekjur sveitarfélaga liggur því skýrt fyrir. ■



Fyrir jól og áramót

Fléttubrauð, skrauðrúnstykki, súpurúnstykkifín og gróf snittubrauð, fín og gróf samlokubrauð, partybrauð 15 og 30 kúla



GLEÐILEG JÓL

Pantið í verslunum okkar eða hringið í síma 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is





TOYOTA HIGHLANDER HYBRID
FÆR Í FLESTAN SJÖ
7 MANNA OG 4WD



Verð frá: 10.890.000 kr.

Toyota Hybrid hefur aldrei verið svona stór.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Nær helmingur landsmanna orðið fyrir tilraunum svikara

adalheidur@frettabladid.is

NETÖRYGGI Tæpur helmingur landsmanna, eða 46 prósent, hefur orðið fyrir tilraunum til fjársvika síðastliðna tólf mánuði, ef marka má nýja könnun Prósents.

Flestir segja slíkar tilraunir hafa birst þeim í tölvupósti, eða 31,7 prósent, en 11,5 prósent segja að um símtal hafi verið að ræða. Um ellefu prósent segjast hafa fengið slík boð gegnum smáskilaboð og önnur ellefu prósent gegnum samfélagsmiðla.

46%

segja svindlara hafa reynt að komast í samband við sig.


Alls segja 54 prósent að hvorki hafi verið haft samband, né reynt að hafa samband í þeim tilgangi að svikja út úr þeim fé.

Samkvæmt niðurstöðum könn-

unarinnar aukast líkur á tilraunum svikulla aðila eftir því sem tekjur fólks hækka. Þá er fólk á aldrinum 45 til 54 ára líklegast til að verða fyrir þessu ónæði, en yngsti aldurshópurinn verður oftast fyrir tilraunum til svika á samfélagsmiðlum en aðrir aldurshópar.

Könnunin, sem var gerð dagana 19. til 28. nóvember, var send á 2.200 einstaklinga átján ára og eldri, sem tilheyra könnunarhópi Prósents. Svör voru vígðuð eftir kyni, aldri og búsetu. Svarhlutfall var 53 prósent. ■

Hefur einhver haft samband, eða reynt að hafa samband, við þig til að svikja út úr þér fé síðastliðna tólf mánuði?



Við Arnarhól í fyrravetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jólasnjórinn alveg út úr kortunum

gar@frettabladid.is

VEÐUR Nær engar líkur virðast nú vera á því að snjór falli hérlendis á aðfangadag. Undantekningin frá því gæti þá orðið á Kvískerjum og þar í kring undir Vatnajökli.

Langtímaspár veðurfræðinga sýnast ætla að ganga eftir þannig að kalt verði í veðri en algerlega úrkomulaust nema á litlu svæði á suðausturhorni landsins. Sama virðist ætla að gilda um jóladag. Á annan dag jóla gæti snjóað á norðan- og austanverðu landinu miðað við spár í augnablikinu. ■

Rithöfundar prenta erlendis

benediktboas@frettabladid.is

BÓKATÍÐINDI Aðeins 16,6 prósent bóka sem getið er í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2021 eru prentuð hér á landi. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 112 og fækkar um 21 frá fyrra ári.

Bókasamband Íslands kannaði prentstaði íslenskra bóka og fer hlutfallið niður milli ára.

Hlutfallið var 20,4 prósent í fyrra en tæp 70 prósent fyrir áratug. ■

Mjög ólíklegt en ekki útilokað að hafa Omíkrón og Delta á sama tíma

Covid-göngudeild Landspítala undirbýr sig fyrir storminn því smittölur hækka í sífellu. Fyrir utan eitt lyf er líklegt að sömu aðferðum sé hægt að beita gegn Omíkrón og fyrri afbrigðum.


kristinnhaukur@frettabladid.is

COVID-19 Heilbrigðisstarfsfólk á Covid-göngudeild Landspítala undirbýr sig fyrir storm vegna hraðrar útbreiðslu Omíkrón-afbrigðisins. Enn sem komið er dugur mannskapurinn til þess að sinna Covid-sjúklingum en varað hefur verið við því að smittölur gætu þrefaldast. Það er, fari úr 200 í 600 á dag.

„Miðað við þessa hröðu útbreiðslu má búast við auknum fjölda sem eru það veikir að þeir þurfi okkar þjónustu, en það er ekki farið að reyna á það enn þá,“ segir Runólfur Pálsson, einn af yfirmönnum Covid-göngudeildar Landspítala. „Þetta mun koma í ljós á næstu viku eða svo en við gerum okkar áætlanir út frá þeim mikla fjölda sem greinist á hverjum degi.“ Þá sé einnig horft til aldursdreifingar smitaðra og bólusetningarstöðu.

Fréttir hafa borist frá öðrum löndum um að veikindi af völdum Omíkrón séu ekki jafn alvarleg og af fyrri afbrigðum, en smitist hraðar. Til að mynda sýnir nýleg rannsókn frá Hong Kong að Omíkrón fjölgi sér sjötíufalt hraðar í barkanum en Delta-afbrigðið en fjölgi sér tífalt hægar í lungunum en upprunalega veiran.

Runólfur segir enga reynslu komna á alvarleika veirunnar hér og segir enn þá skorta meiri gögn að utan. „Það er ekkert sem bendir til



Simavakt Covid-göngudeildar. Fæstir þurfa simaþjónustu og dugur að skrá einkenni raf-rænt.

MYND/PORKELL PORKELSSON



Runólfur Pálsson, yfirlæknir Covid-göngudeildar Landspítala

annars en að við getum beitt sömu aðferðum gegn Omíkrón og fyrri afbrigðum,“ segir hann. „Fyrir utan að visbendingar eru um að lyfið Ronapreve, sem innifelur einstofna mótefni gegn kórónaveirunni, hafi mjög takmarkaða virkni gegn Omíkrón-afbrigðinu.“

Dæmi eru um að fólk sem hefur fengið Covid-19 sé nú að sýkjast aftur. Runólfur segist ekki búast

við því að veikindi þessa fólks verði alvarlegri en annarra, fólk búi yfir ónæmisviðbrögðum sem ættu að draga úr alvarleika veikinda.

„Ég myndi ekki segja að það sé líklegt að fólk sem smitaðist í haust smitist aftur af Omíkrón núna. En það er meira um endursmit en við höfum áður séð í þessum faraldri,“ segir hann. Þó það sé afar ólíklegt sé ekki útilokað að vera með báðar veirur á sama tíma.

Þegar þetta er skrifað eru 1.807 manns smitaðir, þar af 654 börn. Flestum dugur rafræn upplýsingamiðlun en þeir sem fá mikil einkenni eða teljast í aukinni áhættu á alvarlegum veikindum fá símaþjónustu og boð um að koma í skoðun ef þurfa þykir.

Íslendingar horfa mikið til

reynslu Dana þar sem Omíkrón-afbrigðið er nú að taka yfir. Sjúkrahúsinnlagnir þar eru 0,7 prósent. Omíkrón hefur þegar tekið yfir á Írlandi og í Lundúnaborg. Hafa ýmsar Evrópuþjódir sett takmarkanir á flug frá Bretlandi vegna Omíkrón.

„Þetta verða erfiðar vikur og mánuðir eftir því sem lengra liður á veturinn,“ sagði Anthony Fauci, sóttvarnalæknir Bandaríkjanna. Í Bandaríkjunum hefur daglegum smitum fjölgað úr 70 þúsundum frá því í byrjun nóvember í tæplega 130 þúsund. Jonathan Reinir, heilbrigðisfræðingur CNN sjónvarpsstöðvarinnar, sagði Omíkrón-afbrigðið álíka smitandi og mislingaveiruna, sem væri ein mest smitandi veira sögunnar. ■

960.000 KR VSK VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*

ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

5 ÁRA ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐU

PLUG-IN HYBRID



JEEP COMPASS LIMITED

TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.999.000 KR.



JEEP RENEGADE TRAILHAWK

TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.199.000 KR.

*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000-960.000 um áramótin, vegna VSK hækkana. Nánari útskýringar fást hjá sölumönnum.

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI · ÍSLENSK-BANDARÍSKA · ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 · WWW.ISBAND.IS · ISBAND@ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 · LAUGARDAGA 12-16

Jeep | axe



KRONAN

Ekkert
ves í des

OPIÐ Í DAG

9-22

*OPIÐ 9-20 á Hvolsvelli, Reyðarfirði,
Vestmannaeyjum, Vík og Þorlákshöfn

9-23

á Granda, Lindum, Mosó
og Flatahrauni

Pssst ...

Munum að njóta
Gleðileg jóla!



Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Kjaftshögg fyrir þolendur

benediktboas@frettabladid.is

DÓMSMÁL María Sjöfn Árnadóttir segir að sú yfirlýsing sem dómsmálaráðuneytið lét fréttamanni CNN í té, þess efnis að brot ríkisins í málsmeðferð hennar teldust ekki nægjanleg til að flokkast sem brot á réttlátri málsmeðferð gagnvart mannréttindasáttmála, sé kjaftshögg fyrir sig og aðra þolendur ríkisofbeldis.

CNN fjallaði ítarlega um íslenska réttarkerfið og hvernig það bregðist konum, í umfjöllun sinni í gær.

María er ein níu kvenna sem hefur höfðað mál á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu vegna óréttlátrar málsmeðferðar innan íslenska dómskerfisins.

„Ég er gjörsamlega forviða og á sama tíma verulega sár og reið yfir þessari yfirlýsingu ráðuneytisins. Lagalæsi virðist vera í einhverjum ólestri hjá ædsta yfirvaldi dómsmála,“ skrifar María í yfirlýsingu. ■

Íbúaráð fordæmir orð Þórdísar Lóu

benediktboas@frettabladid.is

REYKJAVÍK Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis fordæmir orð Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur, formanns borgarráðs, sem hún lét falla í frétt mbl.is um ráðið.



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs

Þar sagði Þórdís að sér fyndist ekki gott að heyra að Sjálfstæðisflokkurinn í Bústaðarhverfi væri að boða til fundar. Í bókun ráðsins á síðasta fundi eru þessi orð fordæmd „Ekki verður önnur ályktun dregin af þessum orðum en að annað hvort sé um mikla vanþekkingu borgarfulltrúans að ræða, eða algera vanvirðingu við fundinn og stjórn Íbúasamtaka Bústaða- og Fossvogshverfis.

Samtökin eru ópólitísk samtök,“ segir í bókuninni. „Skorað er á borgarfulltrúann að draga framangreind ummæli sín til baka,“ segir þar enn fremur. ■

Guðrún reiknar með að velja aðstoðarmenn sjálf

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL „Þetta var ekkert rætt en ég geri ráð fyrir að hver ráðherra fái að velja sér sína aðstoðarmenn og að það gildi um mig eins og aðra ráðherra. Þannig hefur það alltaf verið,“ segir Guðrún Hafsteinsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurð hvort aðstoðarmannamál hafi verið rædd á fundi hennar með Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins, þegar skipan ráðherra var ákveðin fyrir skemmstu.

Guðrún mun taka við af Jóni Gunnarssyni sem innanríkisráðherra eftir tæpa 18 mánuði. Eftir að Hreinn Loftsson tók þá ákvörðun í síðustu viku að hætta sem aðstoðarmaður Jóns hafa vaknað spurningar um hvort mannbreytingar hjá forvera Guðrúnar í ráðuneytinu muni hafa áhrif á starfsumhverfi hennar síðar. Áður hafði verið tilkynnt að Hreinn og Brynjar Nielsson myndu aðstoða Jón saman.

Spurð hvort hún hyggist halda Brynjari Nielssyni sem aðstoðar-



Þetta var ekkert rætt en ég geri ráð fyrir að hver ráðherra fái að velja sér sína aðstoðarmenn og að það gildi um mig eins og aðra ráðherra.

Guðrún Hafsteinsdóttir

manni eftir að tími Jóns rennur út í ráðuneytinu segist Guðrún ekkert vita um það. Spurð hvort hún telji eftirsjá að Hreini úr ráðuneytinu segir Guðrún að hún sjái ekki betur en að hann og Áslaug hafi unnið mjög vel saman. „Ég geri ráð fyrir að Hreinn hafi staðið sig vel.“

Guðrún segist hlakka til að takast á við þau nýju verkefni sem fylgi ráðherradómi.

„Ég var alveg skýr með það að ég hef metnað fyrir hönd míns kjörðæmis til að taka við ráðuneyti.“ ■

Sterkar vísbendingar um lækningu á mergæxli greinist það á forstigi

Svo virðist sem að með nýrri lyfjagjöf megi í fyrsta sinn lækna mergfrumæxli á byrjunarstigi. Íslensk rannsókn sem náði til allrar þjóðarinnar og lyfjameðferð við forstigs-einkennum benda sterklega til þessarar niðurstöðu.

elinhirst@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL „Fyrstu sjúklingarnir með byrjandi mergæxli hafa nú lokið tveggja ára lyfjameðferð og sýna gríðarlega góða svörun,“ segir Sigurður Yngvi Kristinsson, prófessor í blóðsjúkdómum við Læknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur við Landspítala.

Byrjað er að nota tvö ný líftækni-lyf ásamt sterum í tilraunaskyni hér á landi þegar forstigs-einkenni af mergæxli greinast, eða svokölluð „mallandi mergæxli“. Sterkar vísbendingar eru um að ef sjúkdómurinn greinist á forstigi megi í fyrsta skipti lækna hann með þessari lyfjablöndu.

„Við höfum ekki séð svona góða svörun við meðferð mergæxlis áður,“ segir Sigurður Yngvi.

Oft verður einkenna sjúkdómsins ekki vart fyrr en hann er kominn á alvarlegt stig. En fyrir fimm árum var ákveðið að fara í að skima alla Íslendinga, 40 ára og eldri, fyrir forstigi mergæxlis, sem var einstæð vísindarannsókn í heiminum. Mergæxli er krabbamein sem verður til í fljóttandi merg í beinum, þegar þær frumur sem þar eru breytast í krabbameinsfrumur. Hægt er að mæla hvort þessar krabbafrumur eru til staðar með því að leita að ákveðnu próteini í blóðinu með einföldu blóðprófi.



Sigurður Yngvi Kristinsson, prófessor í blóðsjúkdómum við Læknadeild Háskóla Íslands. MYND/ADSEND



Vísindarannsóknin gengur út á að meðhöndla sjúkdóminn snemma, en það er einmitt svona sem framþróunin verður í krabbameinslækningum.

Sigurður Yngvi Kristinsson, prófessor í blóðsjúkdómum

Fyrir fimm árum hófu Sigurður Yngvi og teymi hans vinnu við rannsóknina. Rúmlega 80 þúsund Íslendingar tóku þátt. Sigurður Yngvi kom að máli við tvö stór erlend lyfjafyrirtæki og sagt þeim frá því að til stæði að skima heila þjóð til að sjá hvort ávinningur væri af því að ráðast gegn sjúkdómnum á forstigi. Lyfjafyrirtækin voru reiðubúin til að taka þátt og hafi þegar lagt til verkefnisins líftækni-lyfjafundir 2,5 milljarða íslenskra króna.

„Vísindarannsóknin gengur út á að meðhöndla sjúkdóminn snemma, en það er einmitt svona sem framþróunin verður í krabbameinslækningum,“ segir Sigurður Yngvi.

Líftækni-lyfjin sem notuð eru auk

stera, heita Lenalidomid og Carsilzomib.

Skimunarrannsóknirnar sýna að um 5 prósent Íslendinga 40 ára og eldri eru með forstigi mergæxlis, en ekki nærri því allir fá krabbamein að sögn Sigurðar Yngva. „Þess vegna viljum ekki meðhöndla alla, heldur aðeins þá sem eru með svokallað mallandi mergæxli, það er að segja þegar forstigið er lengra gengið.“

Þessi íslenska rannsókn á heilli þjóð vakti mikla athygli á árlegri ráðstefnu bandarískra blóðlækninga, sem haldin var í Atlanta í Bandaríkjunum helgina 10. til 14. desember síðastliðinn. „Það má segja að íslenska rannsóknin hafi verið á allra vörum,“ segir Sigurður Yngvi. ■

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

9-22
OPIÐ ALLA DAGA

Renndu við í lúguna

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF
Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG
Opið alla daga 9.00 - 22.00



NÁTTÚRULEGA GÓÐ HÁTÍÐ

MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI

Íslenska lambakjöt er ómissandi þáttur í íslensku jólahaldi. Um aldir hefur læri, hryggur, lundir eða fillet með kjarngóðri sósu, hangikjöt sívinsæla og jafnvel svið, glatt okkur um hátíðarnar – en möguleikarnir til að galdra fram hátíðarmat úr íslensku lambakjoti eru í raun óendanlegir.

Skoðaðu uppskriftirnar á islenkslambakjot.is



Skráðum fíkniefnabrotum fækkaði á milli mánaða. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Tvö stórfelld brot tengd fíkniefnum

benediktboas@frettabladid.is


LÖGREGLUMÁL Skráð voru 677 hegningarlagabrot á höfuðborgarsvæðinu í nóvember. Fækkaði þessum brotum töluvert milli mánaða. Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu lögreglustjóra.

Tilkynningum um þjófnaði og innbrot fækkaði.

Sjú tilvik voru skráð þar sem lögreglumadur var beittur ofbeldi og þrjú þar sem lögreglumanni var hótáð ofbeldi. Alls voru 64 mál um heimilisofbeldi tilkynnt.

Alls bárust níu beiðnir um leit að börnum og ungmennum í október.

Skráðum fíkniefnabrotum fækkaði milli mánaða. Voru tvö stórfelld fíkniefnabrot skráð í nóvember. ■



Enn er mikið um tilraunir til árása sem byggja á veikleikanum Log4j.

Fylgst með nýjum veikleika í Log4j

benediktboas@frettabladid.is

NETÖRYGGGI Um helgina uppgötvuðust nýir veikleikar í Log4j-kóðasafninu. Enn er mikið um tilraunir til árása sem byggja á veikleikanum. Í ljósi þessara upplýsinga ríkir áfram óvissustig almannavarna.

Í tilkynningu ríkislögreglustjóra segir að fylgst verði með mögulegum áhrifum veikleikans. Allir ómissandi innviðir og þjónusta starfi edlilega. Ekkert atvik hafi verið tilkynnt þar sem brotist hafi verið inn í kerfi með Log4j-veikleika. ■



Framleiðsla málma á Íslandi fór upp um 76 prósent. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Stóraukin velta framleiðslugreina

benediktboas@frettabladid.is

VÍÐSKIPTI Meiri velta var í flestum atvinnugreinum á Íslandi í september og október í ár en á sama tíma í fyrra.

Framleiðsla málma fór upp um 76 prósent og veltan úr 36,2 milljörðum í 63,7 milljarða, samkvæmt tilkynningu frá Hagstofunni.

Þar segir að á árinu 2020 hafi verið mikið um lokanir og takmarkanir vegna Covid-19. ■



Sjálfstæðismenn furða sig á að ekki sé gert ráð fyrir byggð á Geldinganesi í breyttu aðalskipulagi. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

Minnihlutinn gagnrýnir þrengingar í skipulagi og fyrirséðan íbúðaskort

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks, Flokks fólksins og Miðflokks í borgarráði gagnrýna meirihlutann fyrir breytingar á aðalskipulagi sem sagðar eru eiga að miða að þéttingu byggðar, breyttum ferðavenjum og „grænni borg“.

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Borgarráð hefur með atkvæðum meirihluta Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna samþykkt uppfærslu á aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir 2010 til 2030. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í borgarráði greiddu atkvæði á móti og áheyrnarfulltrúar Miðflokksins og Flokks fólksins gagnrýndu meirihlutann.

„Þéttleiki verður mikill meðfram borgarlínu, íbúðum verður fjölgað og atvinnuhúsnæði sömuleiðis,“ segir í bókun fulltrúa meirihlutans. „Aðalskipulagið gerir ráð fyrir meiri metnaði í breytingu ferðavenja þar sem gert er ráð fyrir að fleiri hjóli, gangi og noti almenningsamgöngur. Þá er í aðalskipulaginu gert ráð fyrir samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og grænni borg.“

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks segja í sinni bókun að aðalskipulagið sé gallað, ekki síst í húsnæðismálum.



Hér er verið að boða massíva þrengingarstefnu sem flestir sjá að gengur ekki upp.



Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins og áheyrnarfulltrúi í borgarráði

„Ef spá um vöxt rættist er árleg þörf 1.210 íbúðir á ári til 2040. Að óbreyttu mun þessi tala ekki nást og húsnæðisverð í Reykjavík því áfram vera undir þrýstingi vegna skorts á fjölbreyttu framboði bygginga,“ segir í bókun Sjálfstæðismanna.

Áhyggjuefni sé að ekki sé áformað að heimila uppbyggingu á Keldum fyrr en eftir áratug.

„Ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu á Geldinganesi og möguleikar lítið nýttir á Kjalarnesi. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum í Örfirisey né á BSÍ reit. Hætta er því á að áfram skorti hagkvæma reiti til fjölbreyttrar húsnæðisuppbyggingar og óvissa er um uppbyggingu í Úlfarsárdal,“ bóka Sjálfstæðismenn.

„Það er með öðrum orðum gat í húsnæðisáætlun borgarinnar upp á þúsundir íbúða,“ segir í bókun Sjálfstæðismannanna Þrígga.

„Hér er verið að boða massíva þrengingarstefnu sem flestir sjá að gengur ekki upp. Ljóst er að ef 80 prósent nýrra íbúða verða á áhrifasvæði svokallaðrar borgarlínu þá þýðir það mikla röskun í rótgrónum hverfum með tilheyrandi álagi á umhverfið og íbúana. Innviðirnir þola ekki slíka uppbyggingu,“ segir áheyrnarfulltrúi Miðflokksins í sinni bókun.

„Allt þetta miðar að því að gefa leyfi fyrir háum byggingum, með tilheyrandi skuggavarpum sem er heilsuspillandi, í hverfunum ásamt því að útrýma bílastæðum fyrir fjöl-

skyldubílinn. Það er sláandi að ekki er gert ráð fyrir frekari úthlutun lóða í úthverfum Reykjavíkur þar sem möguleiki væri á stórkostlegri uppbyggingu hagkvæms húsnæðis,“ bókar fulltrúi Miðflokksins.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins, Kolbrún Baldursdóttir, bendir í sinni bókun á að athugasemdir sem komið hafi fram séu flestar vegna byggingarmagns, hæðar húsa, blandaðrar byggðar og svæða fyrir bílastæði. Sérstaklega gagnrýnir Kolbrún þó málefni skotsvæðanna á Álfsnesi, sem reyndar er nefnt Kjalarnes í bókuninni.

„Skipulagsyfirlit ganga fram án viðhlítandi samráðs. Fulltrúi Flokks fólksins hefur áður tjáð sig um skotveiðisvæði á Kjalarnesi. Hagsmunum herra er verið að berjast fyrir í því sambandi?“ bókar fulltrúi Flokks fólksins. Í sextán ár hafi íbúar mátt þola hljóðmengun og blý hafi safnast á ströndina og í sjóinn.

„Aðalskipulagi var breytt á síðustu stundu, íbúar höfðu ekkert tækifæri til athugasemda og samráð var ekkert. Ýmsum brögðum er beitt, allt til að skotvellirnir geti opnað að nýju.“ ■

Húsnæðisverð hér hækkað mest í Vestur-Evrópu

kristinnhaukur@frettabladid.is

HÚSNÆÐISMÁL Húsnæðisverð hefur hækkað mest í Vestur-Evrópu hér á Íslandi undanfarin fimm ár. Nemur hækkingin tæpum 58 prósentum frá árinu 2015 til 2020. Á öllu Evrópusvæðinu er Ísland í þriðja sæti, á eftir Ungverjalandi og Tyrklandi. Þetta kemur fram hjá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópu.

Fréttablaðið hefur í mánuðinum fjallað ítarlega um húsnæðisskortinn á Íslandi, sér í lagi á höfuðborgarsvæðinu, og það háa verðlag sem fylgir. Þróun húsnæðisverðs á Íslandi sker sig mjög frá hinum Norðurlöndunum samkvæmt Eurostat, sem notar árið 2015 sem núllpunkt í útreikningum sínum. Hækkingin í Danmörku, Svíþjóð og Noregi er á bilinu 22 til 25 prósent sem er aðeins undir Evrópumeðaltalinu, 26 prósent. Í Finnlandi er

hækkingin á húsnæðisverði aðeins 6 prósent á fimm árum.

Öfgarnar á Íslandi sjást einnig á árunum fyrir 2015, en á árunum 2010 til 2015 hækkaði húsnæðisverð um 28 prósent á Íslandi. Aðeins í Tyrklandi og Eistlandi hækkaði verðið meira á þessum árum. Á liðnum áratug er Tyrkland eina landið sem er með meiri heildarhækkingu en Ísland.

Húsnæðisverð á Íslandi tók risastökk árið 2017, um 21 prósent, og gera má ráð fyrir mikilli hækkingu á árinu 2021 einnig. En þær tölur liggja ekki fyrir hjá Eurostat.

Af stórbjóðum hefur verð hækkað um 39 prósent í Þýskalandi, 35 í Pólandi, 27 í Spáni, 17 í Frakklandi og 0,5 á Ítalíu þar sem hækkingin er minnst í álfunni undanfarin fimm ár. Á tíu ára tímabili hefur húsnæðisverð á Spáni reyndar lækkað, því að hrun varð þar árin 2012 og 2013. ■



Ísland er langt frá Evrópumeðaltalinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM**

ÖLL JÓLAVARA 20-60% AFSLÁTTUR

21. DES. OPIÐ TIL **22:00** OG TIL **20:00** AÐ FITJUM
22. + 23. DES. OPIÐ TIL **22:00** Í ÖLLUM VERSLUNUM
24. DES. OPIÐ **10:00** TIL **13:00** Í ÖLLUM VERSLUNUM

GJAFAKORT

Rafrænt gjafakort
er frábær jólagjöf!

GJAFAKORT

SPARIÐ 25%

AF ÖLLUM
SÆNGURVERUM

TILBOÐ GILDIR TIL 24.12

SPARIÐ 20-30%

AF ÖLLUM SÆNGUM
OG KODDUM

TILBOÐ GILDIR TIL 24.12



 **RÚMFATA
LAGERINN**


VEFVERSLUN
RFL.IS
ALLTAF OPIÐ



Á Lanzarote á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hik á Spánverjum

gar@frettabladid.is

SPÁNN Þrátt fyrir veldisvöxt í kórónaveirusmitum á Spáni eru héraðsstjórnir hikandi við að fara að ráðum sérfræðinga um hertar sóttvarnareglur. Þetta kemur fram í vefútgáfu El País.

Í frétt El País segir að þrátt fyrir allan þann lærdóm sem dreginn hafi verið á nær tveimur árum af því hvernig kórónaveiran dreifi sér og hvernig megi hindra útbreiðslu hennar sé allt annað mál hversu viljug spænsk stjórnvöld og borgarar séu til að beita þeim aðferðum.

„Smitum fjölgar stöðugt: fjórtán daga nýgengi er nú 511 smit á hverja hundrað þúsund íbúa sem setur landið í hæsta áhættuhóp,“ segir í El País. Þess má geta að sambærilega smittala fyrir Ísland er nú 569. ■



Novovax er notað í Kólmúbíu.

Novovax fær leyfi

kristinnpall@frettabladid.is

COVID-19 Lyfjastofnun Evrópu samþykkti í gær að veita bóluefni Novovax markaðsleyfi í Evrópu. Það er fimmta bóluefnið við kórónaveirunni sem stofnunin samþykkir og um leið fyrsta skrefið að því að efnið fái markaðsleyfi hér á landi.

Áður var búið að samþykkja bóluefni Pfizer og BioNTech, Johnson & Johnson, AstraZeneca og Moderna.

Evrópusambandið hefur tryggt sér 200 milljónir skammta af bóluefni sem er byggt á broddpróteini veirunnar sjálfar. Tilraunir lyfjaframleiðandans gefa til kynna að bóluefnið veiti um 90 prósentu vörn hjá einstaklingum yfir 18 ára aldri. ■

Breska ríkisstjórnin tvístígandi um aðgerðir

kristinnpall@frettabladid.is

BRETLAND Varaforsætisráðherra Bretlands, Dominic Raab, sagðist í gær ekki geta lofað því að ríkisstjórn Bretlands myndi ekki herða aðgerðir fyrir jólahátíðina. Boris Johnson forsætisráðherra forðaðist að taka ákvörðun á ríkisstjórnarfundi um næstu skref í sóttvarnaaðgerðum.

Sama dag var tilkynnt að leikið yrði áfram í ensku úrvalsdeildinni

yfir jólavertíðina þrátt fyrir fjölda smita.

Ráðgjafar ríkisstjórnarinnar hafa mælt með hertum aðgerðum í ljósi útbreiðslu kórónaveirusmita í Bretlandi undanfarna daga. Fyrir vikið er hætt við því að heilbrigðiskerfið bresti undan álagi yfir hátíðirnar en Raab sagði í samtali við Sky að það yrði ekki gripið til jafn takmarkandi aðgerða og fyrir ári.

„Þetta verða mun betri jól en á



Boris Johnson og varaforsætisráðherrann Dominic Raab í bakgrunni.

síðasta ári vegna fjölda bólusettra, bæði tvíbólusettra og þeirra sem hafa þegið örvunarskammtinn. Fólk þarf auðvitað að gæta sín en ég held að tölfræði sýni að við megum eiga von á betri jólum,“ sagði Raab en vildi ekki lofa því að ríkisstjórnin myndi ekki grípa til hertra aðgerða á næstu dögum.

Breskir fjölmiðlar fullyrða að Boris Johnson hugnist betur að boða hertar aðgerðir eftir jólahátíðina. ■

Hundruð barnaniðsmála kaþólskra presta eru nú til rannsóknar á Spáni

251 barnaniðsmál með 1.237 þolendum er nú til rannsóknar hjá kaþólsku kirkjunni á Spáni. Búast má við því að málnum og þolendum fjölgi mikið í rannsókninni. Hegðun margra barnaniðinga var „opið leyndarmál“ innan kirkjunnar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SPÁNN Vatíkanið hefur fengið til rannsóknar 251 barnaniðsmál spænskra klerka. Elsta málið er frá árinu 1942 og það yngsta frá árinu 2018. Frans páfi var upplýstur um stöðuna í upphafi mánaðar og fékk afhenta nærri 400 síðna skýrslu. Dagblaðið El País greinir frá þessu.

Kirkjan hefur verið þögl um málið en talsmaður Vatíkansins sagði málsmeðferðina gerða eftir kirkjulögum. Það þýðir að allt sem rannsóknarnefndin finnur um kynferðisbrot klerka gegn börnum verður afhent spænskum lögreglu-yfirvöldum. Juan Jose Omella, erkibiskup Barcelona, leiðir rannsóknina sem samkunda spænskra biskupa sinnir.

Samkvæmt El País eru þolendur klerkanna að minnsta kosti 1.237. Þeim gæti þó fjölgað í nokkur þúsund eftir því sem rannsókninni vindur fram. Málin snerta 31 af 70 biskupsdæmum Spánar og nokkra tugi trúarreglna kaþólsku kirkjunnar, svo sem Jésúíta og Marista.

Flest málin eru í tveimur stærstu borgunum, 74 í Barcelona og 53 í Madrid. Mörg mál eru í Valencia, Navarra og Leon.

Gerendur í flestum málnum eru prestar en aðrir starfsmenn kirkjunnar koma einnig við sögu. Í flestum tilvikum eru gerendurnir



Juan Jose Omella, erkibiskup Barcelona, leiðir rannsóknina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Í seinni tíð hefur Frans páfi sýnt iðrun og viðleitni til þess að taka kynferðisbrotamál innan kaþólsku kirkjunnar fastari tókum.

síbrotamenn sem misnotuðu að minnsta kosti tugi barna og hegðun þeirra var „opið leyndarmál“ innan kirkjunnar. Sumir þeirra voru kennarar sem misnotuðu heilu bekkina.

El País hefur unnið að rannsóknunum á kynferðisbrotum klerka í þrjú ár og fengið meira en 600 frásagnir frá þolendum. Má því búast við að rannsókn Omella muni vinda verulega upp á sig.

Benedikt XVI, forveri Frans, var harðlega gagnrýndur fyrir að aðhafast lítið í þeim barnaniðsmálum sem komu inn á borð til hans. En áður en hann varð páfi fór Benedikt fyrir rannsóknunum þessara

brota hjá Vatíkaninu. Eftir að Frans tók við árið 2013 komu upp mál sem bentu til þess að hann myndi ekki standa sig mikið betur. Sem kardináli hafði hann einnig sakað þolendur kynferðisbrota um lygar.

Í seinni tíð hefur Frans sýnt iðrun og viðleitni til þess að taka kynferðisbrotamál fastari tókum. Þann 13. nóvember síðastliðinn þakkaði hann blaðamönnum sem hafa upplýst um kynferðisbrot klerka. En frá stórrí opinberun dagblaðsins Boston Globe árið 2002 hafa blaðamenn um allan heim grafið upp mál. Eitt nýjasta dæmið eru mál um 200 þúsund franskra barna á 70 ára tímabili. ■

Lindt
LINDOR

Fullkomið
í veisluna





VETUR Húfa
kr. 2.990.-



HELLA Sundpoki
Kr. 2.590.-



FUNI Dúnúþa
kr. 33.990.-

VOGAR Húfa
Kr. 1.290.-



HVÍTANES
merino buxur
Kr. 11.990.-

LOGAN Hettupeysa
kr. 6.990.-



VIGUR ullarhúfa
kr. 3.990.-



VIÐAR Ullarvettlingar
kr. 3.990.-



KLEMENZ Hettupeysa
kr. 8.990.-



MÁR
Tveggja laga regnjakki
Kr. 18.990.-

MÍA tveggja
tveggja laga regnjakki
Kr. 18.990.-



HEIMAEY Hálskragi
kr. 6.990.-



KEILIR Barna úlpa
kr. 11.990.-



ELÍ Flispeysa
Kr. 11.990.-



KEILIR Kuldagalli
kr. 14.990.-



KOLUR Stttermabolur
kr. 3.990.-



Vinir



fá sérkjör

Gledilega úttivist

HEIMAEY Merino ullarhúfa
kr. 4.690.-



HVÍTANES Merino peysa
Kr. 13.990.-



BRIMNES Meðalþykkir göngusokkar
Kr. 2.150.-



EIR Barnajakki
Kr. 11.990.-



BROKEY Húfa með dúsk
Kr. 1.990.-



SALEWA Alpenrose 2 MID
Kr. 30.990.-



DÖGG Regnkápa
Kr. 11.990.-



GERÐUR Ullarpeysa
Kr. 17.990.-

ASOLO Falcon
Kr. 29.990.-



LOGAN Stttermabolur
kr. 2.990.-



STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-



SIGURÐUR
Boxer 3 í pakka
Kr. 4.990.-



Rangar tölur



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Ein meginástæðan fyrir því hversu illa gengur að ná árangri í loftslagsmálum er sú að við notum úrelta mælikvarða innan hagkerfa um allan heim til þess að mæla hagvöxt. Mælikvarðinn sem við notum nú kallast verg landsframleiðsla eða Gross domestic product (GDP). Þegar landsframleiðsla eykst, kallast það hagvöxtur, nokkuð sem flestar þjóðir sækjast eftir í dag.

En þessir hefðbundnu gömlu mælikvarðar taka ekki með í reikninginn þau neikvæðu áhrif sem framleiðsla í hagkerfinu hefur á umhverfið. Meira að segja er eyðilegging á umhverfinu, eins og stór mengunarslys, talin okkur til tekna.

Sem dæmi, ef olíuslys verður, þá kallar það á miklar hreinsunaraðgerðir sem auka landsframleiðsluna og hagvöxt. Ef stríð brýst út, þá eykst hargagnaframleiðsla með auknum hagvexti.

Mjög mörg fyrirtæki skila hagnaði í dag vegna þess að við reiknum ekki með neikvæðum afleiðingum framleiðslu eða starfsemi þeirra fyrir umhverfið. Ef það væri gert yrði rekstrargrundvöllur þeirra ef til vill allt annar, jafnvel brostinn.

Mörg alþjóðleg risafyrirtæki gætu séð arðsemi sína hrynja því að hinir nýju mælikvarðar myndu sýna fram á hversu miklu umhverfislegu tjóni framleiðsla þeirra veldur. Til dæmis bíla- og matvælaframleiðendur sem eru með mjög stórt kolefnisspor. Það myndi því hafa miklar afleiðingar ef þessum mælikvörðum yrði breytt og það er augljóslega tregða til þess.

Háskólasamfélagið er hluti af þessum vanda. Enn er verið að kenna þessi gamaldags fræði í háskólum um allan heim. Vöxtur er mældur á ákveðinn hátt. Þú framleiðir vöru, neytandinn kaupir hana og síðan er henni hent. Í staðinn þurfum við að fara að hugsa í anda hringrásarhagkerfisins þar sem engu nýtilegu er hent heldur er hráefnin notuð aftur og aftur til að framleiða nýjar vörur. Mikilvægt er að kenna nemendum að hugsa upp á nýtt þannig að við getum byrjað að byggja upp nýja tegund hagvaxtar.

En á meðan við höldum GDP á lofti munu auðvitað allir reyna að standa sig sem best samkvæmt þeim mælikvarða. Auðvitað eru það margir hagfræðingar sem sjá það í hendi sér að núverandi mælikvarðar eru rangir og að við verðum að breyta hagkerfum okkar, hagstjórn og hvernig við metum verðmæti. Sem betur fer.

Við verðum að leiðrétta þessa kerfisvillu til að laða fram nýsköpun í anda hringrásarhagkerfis og verðlauna frumkvöðla sem vilja breyta þessu kerfi. Ef við breytum ekki þessum mælikvörðum náum við aldrei árangri í baráttunni við loftslagsbreytingar. ■

”
Háskólasamfélagið er hluti af þessum vanda. Enn er verið að kenna þessi gamaldags fræði í háskólum um allan heim.

Halldór

COVID-JÓLASPLIÐ Í ÁR



Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Nýr vinnustaður

Þegar enginn hélt lengur að bannsett þestarfárið gæti komið meira á óvart í sinni ýktustu mynd er fjarstæðukennt að heilum flokki sé kippt út úr þinghúsinu í skiptum fyrir varamenn sem áttu vísast ekki von á því að setjast á þing í sjálfri jóla-vikunni – sem er ekkert endilega skemmtilegasti tíminn til að hefja störf á nýjum vinnustað.

Þetta er hlutskipti Viðreisnarfólksins sem hélt það hefði ekki komist inn á þing í haust, var gerði það nú samt sem áður fáum mánuðum frá kosningum. Og nú er bara spurning um viðreisn fasta-fultrúanna sem vonandi gengur eftir og stendur undir nafni.

Nýr flokkur

Meðlimir Félags áhugafólks um samsæriskenningar af glúrnustu gerð hljóta að spyrja sig af hverju það gerist á einum og sama tímanum að allir þingmenn Viðreisnar smitist af pestinni og einn úr hópi Samfylkingar. Hvað var Oddný G. Harðardóttir að bralla með þessu fólki, var hún að hnusa af nýjum vettvangi, eftir að hafa verið sett af sem formaður þingflokks síns flokks í stað Helgu Völu Helgadóttur? Og er smitíð hefndin fyrir það? Hér er kominn efniviður í svo góða samsæriskenningu að jafnvel hörðustu andstæðingar bólu-setningar geta vart gert betur. ■

Þrengt að frelsinu



Ögmundur Jónsson
fyrrverandi ráðherra

Fyrir rúmum áratug sátum við mörg límd við sjónvarpsskjáinn að fylgjast með því þegar bandarískir og breskir hermenn skutu saklaust fólk á færi í Írak. Við lásam í blöðum um leyniplögg sem afhjúpuðu morð og pyntingar á ábyrgð NATO-ríkja í Afganistan, Írak, Líbía og víðar. Við lásam fréttir af leynilegum alþjóðasamningum um markaðsvæðingu almannaþjónustunnar. Áfram mætti telja upplýsingar sem valdhafar heimsins vildu að leynt færu en voru settar fram í dagsljósi. Gerandinn var Wikileaks sem lengi vel starfaði undir forystu Julian Assange.

Hann átti ríkan þátt í að afhjúpa stríðsglæpi, pyntingar og siðleysi í alþjóðasamningum. Að uppistöðu til eru ekki véfengdar þær upplýsingar sem Wikileaks færði fram í dagsljósi. Aðeins hitt er gagnrýnt af hálfu valdhafa að svo skuli yfirleitt hafa verið gert. Wikileaks væri njónastofnun og forgangsmál að koma á hana böndum, sagði Mike Pompeo, fyrrverandi yfirmaður leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, síðar utanríkisráðherra. Og Assange skyldi látinn „svara til saka“ í Bandaríkjunum, bætti hann við.

Lengi vel var Julian Assange í skjóli sendiráðs Ekvadors í London eða þar til í apríl 2019 þegar yfirvöld í Ekvador létu undan þrýstingi Bandaríkjastjórnar og heimiluðu bresku lögreglunni að fangelsa hann. Síðan hófst slagur fyrir dómstólum þar sem tekist hefur verið á um lögmæti framsalskröfu Bandaríkjastjórnar. Í Bandaríkjunum ætti Assange yfir höfði sér margfaldan lífstíðardóm. Slagurinn er háður í dóm. Þó vita allir að málið snýst um pólitík, hvor skuli réttþærri, stríðsglæpamaðurinn eða sá sem upplýsir um stríðsglæpin.

Við þurfum að svara því hvert og eitt okkar hvað við ætlum að gera. Við sem fyrir tilstilli fjölmiðla urðum vitni að ofbeldinu. Og hvað ætlar heimspressan að gera, sú hin sama og birta myndskreiðin og svo bréfin og skjölín sem sýndu fram á glæpina? Við megum ekki þegja þunnu hljóði þegar vegið er að grundvallar-réttindum – ekki eins manns heldur mannréttindum okkar allra.

Kynnum okkur málin. Krefjumst þess að íslensk stjórnvöld mótmæli þegar þrengt er að frelsinu og taki undir kröfu um að Julian Assange verði látinn laus. ■

Eigum Jóla peysur & kjóla, jakka & skyrtur vertu vel hirtur, fyrir jólin

Hokus Pokus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Sekt Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra



Árni H. Kristjánsson
sagnfræðingur

Ritstuldur Ásgeirs Jónssonar, seðlabankastjóra, hefur verið í hámmæli eftir að Bergsveinn Birgisson afhjúpaði hann og í kjölfarið höfundur þessa greinarkorns. Ásgeir viðurkennir ritstuldinn úr verki mínu, Hugsjónir, fjármál og pólitík. Saga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í sjöttu og sjö ár (hér eftir Saga SPRON), en telur sig hafa verið í fullum rétti: „Ég get engu svarað um þetta,“ sagði Ásgeir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins. „Ég kom að þessu verki í raun á lokastigum, var einn margra höfunda að skýrslunni og fékk afhent efni sem mér var sagt að væri í eigu nefndarinnar. Ég veit ekki meira um málið.“ Á Facebook-síðu sinni 17. desember sl. sagði Ásgeir m.a.: „Aldrei í mínum villtustu ímyndunum hvarflaði að mér að þessi skrif í umboði og undir höfundarrétti Alþingis okkar Íslendinga myndu leiða til þess að ég yrði sakaður um ritstuld á forsíðu dagblaðs – 8 árum síðar. Enda er þá þjófsnautur minn í þessu máli öll íslenska þjóðin – sem á höfundarrétt á öllum rannsóknarskýrslum Alþingis.“

Forsaga málsins

Ég sleit óformlegu samstarfi við Rannsóknarnefnd Alþingis snemma árs 2012 vegna kröfu nefndarinnar um höfundarrétt á rannsóknnum mínum um sparissjóði. Ég skrifaði því hvorki undir samstarfssamning við nefndina, né aðrar skuldbindingar, og leiðir skildu í góðu. Þar sem starfsmenn nefndarinnar höfðu undir höndum handrit mitt að Sögu SPRON, sem sýnishorn af vinnubrögðum mínum, þá sló ég formlega eftirfarandi varnagla: „Ég fer vinsamlega fram á það að nefndin og Vifill [Karlsson] skili mér þeim gögnum sem ég lét af hendi. Einnig vil ég undirstrika að starfsmönnum nefndarinnar er óheimilt með öllu að nýta gögnin við skrif sín.“

Rannsóknarnefndin réð ekki sagnfræðing í minn stað en stíllti Ásgeiri Jónssyni upp sem arftaka mínum eins og staðfest er í greinargerð nefndarinnar: „t.d. starfaði dr. Ásgeir Jónsson, sérfræðingur í alþjóðafjármálum, peningamálafræði og hagsögu, fyrir nefndina við ritun sagnfræðihluta um sögu og bakgrunn sparissjóðanna, bæði á Íslandi og erlendis.“ Sem sagt sama viðfangsefni og í handriti mínu.

Sem kunnugt er, og staðfest er af sérfróðum matsmönnum (prófessorum í lögfræði og sagnfræði) á vegum Alþingis, þá virti nefndin bann um að nota handrit mitt að vettugi. Handritið gekk á milli skýrsluhöfunda og var nýtt óspart við skrif Rannsóknarskýrslunnar. Eins og nærri má geta þá átti ólöglegt athæfið að fara mjög leynt eins og sést í tölvupósti dr. Vífils Karlssonar, hagfræðings og starfsmanns nefndarinnar, er hann sendi handrit mitt áfram innan nefndarinnar með orðunum: „Trúnaðarmál. Lætur þetta ekki fara lengra.“

Ritstuldur réttlættur

Ásgeir Jónsson telur sig hafa verið í rétti við að nýta handrit mitt sem hann segir að hafi verið í eigu Rannsóknarnefndarinnar. Hafa ber í huga að Ásgeir og skýrsluhöfundur eru háskólamenntaðir fræðimenn og hafa m.a. starfað sem kennarar við æðri menntastofnanir. Þeim var því fullljóst að með því að nýta

handrit mitt þá voru þeir að þverbrjóta höfundalög nr. 73/1972 þar sem refsiramminn er frá sektum til allt að tveggja ára fangelsis.

Því er ekki að undra að skýrsluhöfundar hafi lagt sig fram við að breiða yfir glæpin. Þess var vandlega gætt að nafn mitt og bókar minnar, sem kom út hálfu ári á undan Rannsóknarskýrslunni, kæmu hvergi fram. Ef ósatt yfirklaði Ásgeirs væri rétt, að handrit mitt hafi verið í eigu Rannsóknarnefndarinnar og því frjálst að nota það, þá vakna mikilvægar spurningar. Hvers vegna breyttu starfsmenn nefndarinnar tilvísunum sem ég notaði í handriti mínu? Meðal annars í texta skýrslunnar þar sem ritstuldur hefur verið staðfestur! Hvers vegna átti það að fara leynt er



En mergur málsins er að ritstuldur er ólíðandi lögbrot sem enginn á að komast upp með, ekki heldur Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri.

handrit mitt var sent áfram innan nefndarinnar? Svörin eru augljós og hafa verið staðfest af sérfróðum matsmönnum – Ásgeir Jónsson og fleiri skýrsluhöfundar eru uppvisir að ritstuldi úr verki mínu.

Þjóðin er ekki þjófsnautur Ásgeirs

Ásgeir Jónsson heldur því á lofti að skýrsluhöfundar hafi skrifað Rannsóknarskýrsluna í umboði og undir höfundarrétti Alþingis. Það hlýtur að vera þrautalending að gera Alþingi að skálkaskjól og þjóðina að þjófsnaut. Alþingi og þjóðin eiga engan höfundarrétt á mínu verki eins og Ásgeir veit ósköp vel.


Ég afhjúpaði ritstuldinn þegar rannsóknarskýrslan kom út árið 2014. Málið fékk takmarkaðan

hljómgrunn enda vildi Alþingi ekki að það kæmist í hámmæli. Ástæðan var sú að þingið brást eftirlits-skyldu sinni með rannsóknarnefnd sem missti tókin á verkefni sínu eins og ítrekaðar frestanir, himinhár kostnaður og rangar niðurstöður skýrslunnar bera með sér. Þegar ritstuldur skýrsluhöfunda bættist við vildi Alþingi ekkert af málinu vita.

Ég var beittur miklum órétti í skjóli Alþingis og það er mikilvægt að hið sanna í öllu málinu komi í ljós. Því er ég með í smíðum stóra grein, sem mun birtast í fagtímariti, þar sem málið verður rakið ítarlega. En mergur málsins er að ritstuldur er ólíðandi lögbrot sem enginn á að komast upp með, ekki heldur Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri. ■

Lægsta meðalverðið er í Lyfjaveri

Samkvæmt nýlegri **verðlagskönnun ASÍ** kom **Lyfjaver best út** miðað við meðalverð fjölda vara í könnuninni.* Kynntu þér vöruúrvalið og lágt vöruverð á lyfjaver.is eða í ver slun Lyfjavers.



LYFJAVER

lyfjaver.is
Suðurlandsbraut 22

* Samkvæmt könnun Verðlagseftirlits ASÍ á lausasólulufjum og öðrum vörum þriðjudaginn 2. nóvember.

Allt fyrir einstaka og ógleymanlega hátíðarstund

HAGKAUP



Rjúpa 375 g

999 kr/stk



Gæsabringur

4.999 kr/kg



Krónhjartar file
900 g

9.799 kr/pk



Hreindýralundir

9.999 kr/kg



Frönsk Barbary
önd 3,2 kg

5.999 kr/stk



Andabringa
2 stk í pk

2.599 kr/kg



HAGKAUP

Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum til að tryggja hámarks gæði. Hryggurinn er léttsaltaður og léttreyktur sem skilar sér í einfaldari eldun. Hrygginn þarf því ekki að forsjóða heldur einungis að elda í ofni.

Sérvalinn úr
1. flokks hráefni

SALTMINNI
þarf ekki að sjóða.
Aðeins 90 mínútur
í ofni



Hagkaups hangikjötið

Tað- og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.



Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Þöggun keltnesku áhrifanna

Áhrif Bretlandseyja á íslenska byggingarsögu eru rakin í nýrri bók hjónanna Hjördísar Sigurgísladóttur og Dennis Davíðs Jóhannessonar.

arnartomas@frettabladid.is

Arkitektahjónin Hjördís Sigurgísladóttir og Dennis Davíð Jóhannesson gáfu nýlega út bókina Straumar frá Bretlandseyjum – Rætur íslenskrar byggingarlistar. Eins og heiti bókarinnar gefur til kynna er þar farið yfir áhrif Bretlandseyja á íslenska byggingarsögu frá upphafi byggðar og fram á daginn í dag.

„Þetta kemur fyrst og fremst af áhuga, því við lærðum bæði í Skotlandi. Þegar við komum heim þá tókum við eftir því að það var margt líkt með því sem við sáum hérna heima og úti,“ segir Dennis.

„Við rekum teiknistofu og þegar hrundi varð 2008 gafst meiri tími til að sinna svona málum.“ Dennis og Hjördís sóttu í kjölfarið um og fengu styrk hjá Minjastofnun Íslands til að sinna verkefninu og seinna frá öðrum. Þau fóru til Skotlands og Englands og tóku flestar myndirnar í bókinni, sem eru 240, auk þess sem þau ákváðu að gefa hana út á eigin vegum. „Það er kannski glannaleg ákvörðun, en við erum bæði útgefendur, hönnuðir og höfundar bókarinnar,“ segir Dennis og hlær.

Grafinn arfur

Í bókinni rekja þau Hjördís og Dennis ofangreind áhrif Bretlandseyja á íslenska byggingarlist sem þau segja að teygji sig aftur fyrir landnám.

„Þetta hefst eiginlega með Pöpunum sem talið er að hafi komið hingað upp úr 800 frá skosku eyjunni Iona, sem er kölluð eyjan helga,“ segir Dennis. „Við teljum að þeir hafi komið hingað og verið mun fleiri en fólk áttaði sig á, bæði konur og karlar. Við tölum meðal annars um sandsteinshellana sem eru grafnir víða



Höfundarnir við Red House, hús William Morris í London.

MYND/ARKHD

á Suðurlandi. Við vitnum í fornleifafræðinga á borð við Kristján Ahronson sem hefur verið að rannsaka hellana undir Eyjafjöllum og telur að þeir hafi verið grafnir út fyrir landnám.“

Dennis segir að Keltarnir hafi líka kunnað að hlaða hús. „Það er mikið af steini þarna á Skotlandseyjum og ekki mikið af skógum, svo það eru til gamlar steinhleðslur og borgghlaðin hús sem eru arfur frá þeim,“ segir hann.

Í síðari tíð segir Hjördís að Bretland hafi einnig verið áhrifamikill, sérstaklega á 19. öld þegar ný byggingarefni, svo sem sement, bárujárn og verksmíðjuframleitt gler, fór að berast þaðan svo og þegar Íslendingar fóru að sækja þangað í nám í arkitektúr á seinni hluta 20. aldar. „Það er ótrúlega margt sem mætti telja upp,“ segir hún. Nýgotneskar báru-

járnskirkjur og hús í kastalastíl eru góð dæmi, en það má líka nefna braggana og aðrar stríðsminjar eins og Reykjavíkflugvöll og gamla flugturninn. Svo hafa Bretar haft mikil áhrif í skipulagsmálum, og fyrsta skipulag Reykjavíkur frá árið 1927 er undir mjög sterkum áhrifum frá garðborgarstefnunni í Bretlandi.“ Eins mætti nefna aðalskipulag Reykjavíkur og nýlegt skipulag í Vatnsmýrinni.

Dennis segir að arfur Bretlandseyja í íslensku sögu hafi að miklu leyti gleymst í sögunni. „Sagan er auðvitað skrifuð fyrir norræna karlmennt og hlutur Kelta, sem margir voru konur og þrælur, ef til vill fyrir borð borinn,“ segir hann. „Það hefur ríkt ákveðin þöggun og andstaða hjá ýmsum fræðimönnum gegn þessum keltnesku áhrifum sem við teljum hafa verið mótandi í íslensku menningu.“ ■



Hjartanlegar þakkir til allra sem syndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdafaður og afa,

Sturlu Þórðarsonar
lögfræðings.

Starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Sóltúni eru færðar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun og ljúfmennsku.

Ásta Garðarsdóttir

Kjartan Sturluson
Halldór Sturluson
Gylfi Maron, Valgerður Gríma, Kára, Freyja og Hringur

Kristín Gunnarsdóttir

Heba Eir Jónasdóttir Kjeld



Okkar innlegustu þakkir, fyrir vinsemd og hlýhug við andlát og útför elskulega lífsförunautar og ferðafélaga míns, föður okkar, tengdafaður og afa,

Reynis Benediktssonar
skipstjóra,

sem lést á sjúkrahúsi í Alicante á Spáni.

Jóhanna Gunnarsdóttir

Rúnar Reynisson
Einar Ingi Reynisson
Bendikt Reynisson
Gunnar Reynisson
Kristþór Reynir og Ása Margrét Gunnarsbörn
Konráð Ari, Reynir Erling og Óskar Glói Benediktssynir

Rósa María Óskarsdóttir

Sigríður Kristín Kristþórsdóttir



Elskuleg systir mín og föðursystir okkar,

Anna Laufey Gunnarsdóttir

Sóltúni 5, Reykjavík,

lést á Líknaeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 8. desember.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Hjartans þakkir til þeirra sem syndu okkur hlýju og kærleika vegna andláts hennar.

Óskar H. Gunnarsson

Gunnhildur Óskarsdóttir

Agnar Óskarsson

Arnór Þ. Sigfússon

Margrét Ásgeirsdóttir

og fjölskyldur.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is • AUÐBREKKA 1, KÓPAVOGI



Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar sé þess óskað



Jóhanna Eiríksdóttir



Sverrir Einarsson



Jón G. Bjarnason

Alúð • Virðing • Traust • Reynsla

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Herborg Káradóttir

Dvalarheimilinu Hlíð,
Akureyri,

lést 13. desember.

Útför hennar mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Óðinn Svan Geirsson

Brynjar Geirsson

Arna Ósk Geirsdóttir

Geir Borgar Geirsson

Alda Erlingsdóttir

Guðný Ósk Gylfadóttir

Viðar Gunnarsson

Elinborg Sigurðardóttir

ömmu- og langömmubörn.



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Geir Ágústsson

húsasmíðameistari

frá Raufarhöfn,

áður til heimilis að

Goðheimum 22, Reykjavík,

lést mánudaginn 13. desember á Hrafnistu Laugarási. Útför hans fer fram miðvikudaginn 29. desember kl. 13.00 frá Langholtskirkju. Vegna aðstæðna í samfélaginu verða aðeins nánustu ættingjar og vinir viðstaddir útförina. Hlekk á streymi má nálgast á www.mbl.is/andlat.

Ágúst Geirsson

Ingi Örn Geirsson

Guðmundur Geirsson

Magni Þór Geirsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Soffía St. Sigurðardóttir

Ásta Snorradóttir

Fjóla Halldórsdóttir

barnabörn og aðrir aðstandendur.



Okkar ástkæri

Rafn Konráðsson

lést fimmtudaginn 16. desember.

Útförin verður auglýst síðar.

Aðstandendur.



Elsku móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Steinarsdóttir

Boðagranda 2,

lést fimmtudaginn 16. desember.

Útförin fer fram í Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 28. desember kl. 13.00.

Gestir vinsamlegast framvísi gildu hraðprófi.

Steinar Guðnason

Guðni Steinarsson

Ægir Steinarsson

Ingibjörg Steinunn, Hugrún Anna og Elin Fanney

Jóhanna Runólfssdóttir

Hildur Margrét Nielsen

Ása Þórdís Ásgeirsdóttir



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórarinn Jóhannsson

kennari,

lést þann 5. desember sl.

Að hans ósk fór útförin fram í kyrrþey.

Lára Benediktsdóttir

Þórarinn Þórarinsson

Björg Þórarinsdóttir

Sigríður Þórarinsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Hjördís Ýrr Skúladóttir

Sævar Sigurðsson

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 21. desember 2021



Jólahefðir eru misjafnar eftir löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Staðreyndir um jólahefðir

elin@frettabladid.is

Í nýrri alþjóðlegri rannsókn sem Festive Feels framkvæmdi á meðal 18 þúsund neytenda í 18 löndum kemur fram að margt er ólíkt milli landa þegar kemur að jólum. Til dæmis upplifði rúmlega þriðjungur Svía mikla streitu fyrir jólin á meðan aðeins 22% Ítala svörðuð því játandi. Rannsóknin sýnir að aðeins 38% Svía eru áhugasöm um kaup á jólagjöfum á meðan um 48% annarra þjóða eru það. Tæplega helmingi Svía, 49%, fannst erfitt að velja jólagjafir. Þá kaupa Svíar færri jólagjafir en margar aðrar þjóðir eftir því sem sænski vefmiðillinn Expressen greinir frá.

Blaðið segir að Svíar séu óskipulagðir fyrir jólin sem auki stressið. Gott skipulag kemur í veg fyrir of mikla eyðslu sem eykur sömuleiðis streitu.

Ísland ekki með

55% Svía töldu hefðir mikilvægar um jólin en 60% í öðrum löndum. 26% Svía vilja hafa allt hreint og fínt um jólin en meðaltalið annars staðar var 60%. Svíar kaupa að meðaltali fimm leikföng fyrir jólin en heimsmeðaltal er 6,5. Margir töldu að jólagjöfin ætti að hafa persónulega þýðingu á meðan fjórða hverjum fannst verðið skipta máli. 23% Svía telja samveru dýrmætasta við jólin en meðaltal annars staðar var aðeins 9%. Jólamatúr var mikilvægur fyrir 44% Svía en aðeins hjá 32% í öðrum löndum. Ísland var ekki með í þessari rannsókn. ■



Hildur Þórðardóttir verslunarstjóri og Björn Þór Heiðdal, eigandi Rúmföt.is, með draumajólagjöfina í ár: dásamlega Black Forest dúnsæng. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Himneskar sængur og rúmföt

Rúmföt.is er ein flottasta rúmfata- og sængurbúð landsins. Þar fást dýrindis dúnsængur frá Svartaskógi í Þýskalandi og lúxusrúmfatnaður í gæðum sem á sér fáar hliðstæður. **2**





Röndótt damask er sigilt og eftirsóknarvert utan um rúmið. Þessi fallegu eru frá Kurt Bauer.



Þetta hlýlega og fallega rúmfatasett heitir Aldís. Það er áprentað 300 þráða bómullarsatín.



Lund er 300 þráða áprentað bómullarsatín.



Undurmjúk rúmföt með fiðrildamunstri.



Það er draumur að sofa með silkimjúk og gullfalleg Magnolia ljósgræn rúmföt sem eru í senn svalandi og hlý. MYNDIR/ AÐSENDAR

„Ég elska mjúkar sængur,“ segir Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri hjá Rúmföt.is, sem er ein flottasta rúmfata- og sængurbúð landsins.

Rúmföt.is var opnuð fyrir þremur árum og hefur verið mikið að gera æ síðan.

„Viðtökurnar hafa farið fram úr björtustu vonum og margir nefnt það við mig að það hafi verið vöntun á svona verslun eftir að Fatabúðin og Verið hættu starfsemi. Fólk er virkilega þakklátt fyrir að hægt sé að kaupa gæða rúmföt og sængur á Íslandi,“ segir Hildur.

Lúxussængur frá Svartaskógi

Í viðbót við lúxussængurföt frá Ítalíu, Þýskalandi og Kína selur Rúmföt.is dúnsængur í algerum sérflokk.

„Fyrir nokkrum árum heimsótti eigandinn, Björn Þór Heiðdal, sýninguna Heimtextil í Frankfurt, en það er stærsta textilsýning í heimi. Heimtextil er haldin ár hvert og þangað koma nánast öll fyrirtæki í þessum bransa. Gildir þá einu hvort þú sért að leita að indverskum mottum, sturtuhengjum fyrir hótél eða dúnsængur þú finnur bókstaflega allt á þessari sýningu,“ segir Hildur, og víkur nú sögunni að Black Forest-lúxussængunum í Rúmföt.is.

„Það er skemmt frá því að segja að við fundum æðislega góðar sængur frá þýska fyrirtækinu OBB, en við flytjum bara inn bestu sængurnar úr Black Forest-línunni þeirra. Það eru lúxussængur fyrir fólk sem vill mikil gæði á sanngjörnu verði. Í sængurnar er eingöngu notaður 100 prósent gæsadúnn, meðal annars af

Slík vottun tryggir að ekki sé notaður dúnn af gæsnum sem eru plokkaðar lifandi eða illa farið með.

Hildur Þórðardóttir

kanadagæsnum sem þykir einn besti dúnninn og er 850 CUIN. Það þýðir að sængin einangrar vel og er líka létt. Samkeppnisáðilar okkar selja dúnsængur með dúni sem er aðeins 500 til 700 CUIN og fá jafnvel fáeinir fjaðrir að fljóta með,“ greinir Hildur frá.

Dúnsængur með gæðavottun

Allar Black Forest-sængurnar í Rúmföt.is eru vottaðar með DOWNPASS® vottun.

„Slík vottun tryggir að ekki sé notaður dúnn af gæsnum sem eru plokkaðar lifandi eða illa farið með,“ segir Hildur. „Hverri sæng fylgir rekjanlegt DOWNPASS® númer sem tryggir að hlutirnir séu eins og þeir eiga að vera. Til að sæng geti fengið DOWNPASS®-vottun þurfa bæði þeir sem framleiða dúnninn, og sauma sængina, að standast ítarlega skoðun sem er endurtekin reglulega.“

Ekki er nóg að velja góðan dúnn í sængurnar: það þarf líka að vanda valið þegar kemur að ytra byrði þeirra.

„Við notum 460 þráða míkrosatín í allar sængur sem við seljum. Það er ótrúlega fingert bómullarsatín sem er meðhöndlað á sérstakan hátt. Míkrosatínið



Dúnsængurnar frá Black Forest eru úr kanadískum gæðadúni. Þær eru léttar, veita góða einangrun og skjáfa lítið.

er framleitt í Þýskalandi, eins og sængurnar, og meðhöndlað með aloe vera til að gera það enn mýkra en ella. Sængurnar skjáfa líka lítið, sem mér finnst skipta máli,“ segir Hildur.

Ekki má gleyma öllum rúmfötunum sem fást í Rúmföt.is.

„Við bjóðum upp á gæði sem er erfitt að nálgast annars staðar,“ segir Hildur. „Við erum sérlega montin af 550 og 1.400 þráða bómullarsatíni sem ég hef ekki séð í öðrum búðum á Íslandi, en það er aðeins brot af því sem við seljum.

Við erum með yfir 180 tegundir af virkilega vönduðum sængurfötum og því er nokkuð ljóst að flestir ættu að geta fundið eitthvað við hæfi hjá okkur.“

Sögur gefa búðarstússinu tilgang

Að sögn Hildar hefur jólasalan gengið mjög vel í Rúmföt.is.

„Margir viðskiptavinir eru nú að koma í annað eða þriðja skiptið að kaupa jólagjafir handa fjölskyldunni. Það kom til okkar eldri kona sem lét okkur vita að barnabarnið hefði bedið um alveg eins

rúmföt og hún átti í jólagjöf. Hún hafði þá keypt rúmföt hjá okkur og notað þau þegar barnabarnið kom í heimsókn. Það eru svona sögur sem okkur finnst gaman að heyra og gefa þessu búðarstússi smá tilgang,“ segir Hildur brosmild og komin í sannkallað jólaskap. ■

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28. Sími 565 1025. Opíð alla virka daga frá klukkan 12 til 18 og á laugardögum frá klukkan 11 til 16 til jóla. Skoðið glæsilegt úrvalið á rumfot.is

Mikið úrval af mjúkum jólagöfum

Ný sending af fallegum kjólum, peysum, gallabuxum og fleira í stærðum 42-58

sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Lengri afgreiðslutímar fyrir jólin

20-23 desember frá kl. 11-20

24 desember frá kl. 10-13

Kósý peysukjöll
9.990 kr

SENDUM FRÍTT
EF PANTAD ER FYRIR
5.000 KR EÐA MEIRA



Peysa frá
Kaffe Curve
12.990 kr



Úlpu vesti
14.990 kr



Kaffe Curve
blússa
7.990 kr



Zizzi Gallabuxur
9.990 kr



Peysa frá Zizzi
8.990 kr

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is



Sjöfn
Þórðardóttir
sjöfn
@frettabladid.is

Matur skipar stóran sess í lífi fjölskyldna yfir jólahátíðina sem fram undan er og margir í óðaönn að undirbúa matseðlana fyrir hátíðina og þar á meðal er Sigurður Laufdal landsliðsokkurur.

Sigurður Laufdal á að baki glæsilegan feril úr hinni margrómuðu Bocuse d'Or en hann var keppandi fyrir Íslands hönd á árunum 2019 til 2021 með glæsilegum árangri. Sigurður ætlar að opna eigin stað á næsta ári ásamt öðru góðu fólki.

„Þegar ég var yngri þurfti allt að vera eins ár eftir ár en það hefur breyst mikið með árunum, til að mynda verður ekki kjöt á boðstólum á aðfangadag núna.

Ég hef gaman af skötuhefðinni á Þorláksmessu. Graflax á ristudu brauði með graflaxsósu er líka alltaf klassik og svo seinustu ár hefur nautalund Wellington verið í uppáhaldi fyrir gamlárskvöld. Áhugi minn á matreiðslu kviknaði ekki fyrr en ég neyddist til að ákveða mig hvað ég vildi gera þegar ég yrði stór. Hef ekki litið við síðan,“ segir Sigurður.

Manstu eftir einhverjum skemmtilegum byrjendamistökum í eldhúsinu?

„Ekki yfir hátíðarnar en á nóg af mistökum í eldhúsinu í gegnum árin, hef notað salt í stað sykurs í súkkulaðiköku sem ég matreiðdi í veiðihúsinu við Selá fyrir einhverjum árum við mikla gleði viðstaddra. Og á töluvert meira inni, lærir maður ekki mest af eigin mistökum?“ segir Sigurður.

Fátt sem toppar rjúpusúpu Ertu til í að svipta hulunni af þínum

Sælkeravillibráðarkræsingar



Sigurður Laufdal matreiðslumeistari hefur í hyggju að opna nýtt veitingahús á nýju ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR



Eggjabrauð með gæs og andalífur.



Grafin gæs og andalífur á eggjabrauði ásamt, sultuðum kirsuberjum, seljurótareplahrásalati og valhnetum.



Uppáhaldsvillibráðarréttur Sigurðar er rjúpusúpa sem er einstaklega góð.

Uppáhaldsvillibráðarrétti?

„Ég smakkaði rjúpusúpu í fyrsta skipti hjá Stulla (Sturlu Birgissyni) fyrir áratug og get auðveldlega sagt að það sé minn uppáhaldsvillibráðarréttur. Mér fannst vel við hæfi að bjóða upp á rjúpusúpu þar sem litli bróðir minn veiddi nokkrar rjúpur og mér finnst mjög líklegt að ég muni gera súpu úr rjúpunni á nýársdag, hinir tveir réttirnir eru hugmyndir að villibráðarsmárettum í óhefðbundnum stíl. Að lokum langar mig að hvetja ykkur til dáða í matargerðinni. Ekki vera hrædd við að prófa nýjungar og fara óhefðbundnar leiðir yfir jól og áramót.“

Grafin gæs og andalífur á eggjabrauði

Grafin gæs

50/50 salt og sykur
Fennelfræ
Rósapipar
Sinnepsfræ
Anís
Dill, saxað

Krydd mulin niður og blandað saman við salt og sykur. Sett yfir gæsabringur og látið standa í kæli í 2 til 3 daga, fer eftir stærð á bringu. Skolið létt og þerrið vel.

Eggjabrauð

Franskbrauð – skorpa skorin af og braudsneiðin skorin til helminga
200 g rjómi
60 g eggjarauður
8 g salt
Smá truffluolía – má sleppa

Hrært saman, brauð bleytt stutt í blöndunni og steikt á pönnu við vægan hita á báðum hliðum.

Andalífur

Andalífur

Andalífur sneidd niður, krydduð með salti og pipar og svo steikt á báðum hliðum við háan hita.

Seljurótar- og eplahrásalat

60% seljurót, afhýdd
40% græn epli, skræld
Majónes
Grófkorna sinnep
Truffluolía
Sítrónusafi
Steinselja, söxuð
Salt og pipar eftir smekk

Seljurótin og epli rifin niður í gröfu rifjárnri og blandað saman við hæfilegt magn af majónesi og smakkað til með rest. Svo er að setja þetta saman.

Þunnneiðið gæsabringuna, steikið eggjabrauð og andalífur.

Hrásalat fer ofan á eggjabrauðið, raðið sneiðum af gæs ofan á, því næst fer steikt andalífur ofan á ásamt sultuðum kirsuberjum og sykrðuðum pekanhnetum.

Toppið með jurtum að eigin vali.

Kremuð rjúpusúpa að hætti Sígga Laufdal og Sturlu Birgis

Rjúpusóð

6 rjúpubein, brúnuð í potti
4 l vatn
3 rósaringreinar
1 stk. lárviðarlauf
10 stk. svört piparkorn
5 stk. einiber, mulin

Soðið við vægan hita í þrjár klukkustundir. Síðan sigtað í annan pott.

Soðið niður í ca. 1,5 til 2 lítra.

Súpa

500 ml Madeira
1,5 l rjómi
180 g 36% sýrður rjómi
250 g smjör
2 msk. kóngasveppakraftur/villisveppakraftur
1 msk. andakraftur
8 stk. svört piparkorn
4 stk. einiber, mulin

Madeira soðið niður um helming, soð og rjóma bætt við og soðið niður um 1/3 ásamt krafti, einiberjum og piparkornum.

Hrá rjúpulífur og -hjörtu maukuð. Þetta er sett út í þegar súpan er næstum því tilbúin, sigtað. Smjóri og sýrðum rjóma bætt við með töfrasprotu og smakkað til með salti, þykkt ef þess þarf.

Hreindýratatakisþjót, granatepli, sesamfræ, kryddjurtir og stökk svartrót

Hreindýrasþjót

Hreindýravöðvi

Brúnið vöðvann á háum hita í pönnu með olíu, kjötið á að vera hrátt en vel brúnað.

Tataki-marinerung

6 msk. soja
2 msk. hunang
4 msk. hrisgrjónavin eða sérrí
2 stk. vorlaukur, fint skorinn
1 stk. hvítlauksgeiri, fint saxaður
Svartur pipar, mulinn
Smá engifer, fint saxað

Öllu hrært saman og hreindýr marinerað yfir nótt, þunnt skoríð og sett á spjót.

Stökk svartrót

1 stk. svartrót/smælki kartöflur ef svartrót er ekki til

Skrælið svartrót (þarf ekki að skræla smælki) þunnneiðið á mandólíni og djúpsteikið við 150 til 160°C, þangað til orðið gullinbrúnt.

Þerrið á pappír og stráð salti yfir. Sett saman.

Sesam-majónes sett yfir hreindýrasþjót, ásamt granateplum, sesamfræjum, stökkri svartrót og kryddjurtum að eigin vali.

Sesam- og engifermajónes

Majónes
Soja
Sesamolía
Engifer
Salt eftir smekk

Skrælið engifer og rífið í rifjárnri, smakkað til í majónesi ásamt soja, sesamolíu og salti. ■





Jólagjöfin hennar










 Fylgið okkur á FB
Laxdal er í leiðinni



BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholtí 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is

Ís og ísbúðir

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 21. desember 2021

Kynningar: Gaeta, Ísbúð Vesturbæjar, Ísgerðin Akureyri, Skúbb.



Michele Gaeta býr til ekta ítalskan Gaeta-ís eftir uppskrift sem hefur verið í þróun í 25 ár. Hér heldur hann á gelato-istertu sem hann býr til í nokkrum bragðtegundum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hágæða ítalskur ís á Íslandi

Fyrir einu og hálfu ári opnaði Michele Gaeta ísbúðina Gaeta í miðbænum. Þar er seldur ekta ítalskur gelato-ís úr hágæða hráefni. Samstarfsmaður hans hefur þróað ísinn í 25 ár og loks er hægt að smakka hann hér á landi. **2**



Verslanir Gaeta eru tvær, ein rúmgóð og björt á Aðalstræti og önnur minni á Hlemmi mat-höll.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Gelato er sérstök tegund af ís en byrjað var að búa hann til á Ítalíu á 17. öld og á hann sér því langa sögu. Gelato-ísinn inniheldur minni rjóma en hefðbundinn rjómaís og er því fituminni. Ísinn er alltaf ferskur og nýlagður og blandaður hægar en venjan er með rjómaís. Ísinn er því þéttari í sér og áferðin er sérstaklega mjúk og silkikennnd.

„Við opnuðum ísbúðina í maí 2020 og höfum því verið að gera ítalskan gelato á Íslandi í eitt og hálf ár. En við höfum verið að búa hann til og þróa á Ítalíu í 25 ár. Ég flutti svo til Íslands og opnaði ísbúð hér,“ segir eigandinn Michele Gaeta, en ísbúðirnar eru staðsettar á Aðalstræti 6 og á Hlemmi mat-höll.

„Ísinn hefur slegið í gegn hér á Íslandi. Við opnuðum búðina í miðju Covid en fólk beið samt í röðum eftir að kaupa ís. Íslendingar kunna greinilega vel að meta ekta ítalskan gelato.“

Michele leggur áherslu á að búa til ekta ítalska vöru í sem mestum gæðum. Allt hráefnið í ísinn er innflutt frá Ítalíu nema mjólkinn og rjóminn. Það er gert til að tryggja ekta ítalskan gelato úr besta ítalska hráefni sem völ er á.

Girnilegar gelato-kökur og ljúffengt sikileyskt cannoli

„Við erum nýlega farin að gera gelato-kökur. Þær fást í hefðbundnum bragðtegundum eins og tiramisú og crème brûlée. Svo erum við líka með Oreo-köku, köku með hindberja og ostabragði og köku með hvítu súkkulaði og pistasíuhnetum,“ segir Michele.

Michele segir gelato-kökurnar fullkomnar sem eftirrétt á jólinum.

„Þær eru mjög fallegar og eru til í ýmsum stærðum fyrir allar stærðir af fjölskyldum og hópum. Það er líka hægt að kaupa bara eina sneið af gelato-kökunum hjá okkur. Þó við séum bara nýbyrjuð að bjóða upp á þessar kökur hafa þær verið mjög vinsælar,“ segir hann.

„Við eigum þær tilbúna í búðinni svo það þarf ekki að bóka þær fyrir fram nema þær eigi að vera fyrir mjög stóran hóp.“

Fyrir tveimur vikum byrjaði Michele líka að bjóða upp á sikileyskt cannoli í búðunum sínum.

„Cannoli er eftirréttur frá Sikiley. Cannoli er djúpsteykt deig fyllt með ricotta-osti, súkkulaði og pistasíuhnetum. Það kom mér á óvart hvað það er vinsælt og hversu margir hér þekktu þennan eftirrétt,“ útskýrir Michele.

„Það er ekki auðvelt að finna



Crème brûlée ísterta frá Gaeta úr ekta ítölskum gelato-ís.



Hjá Gaeta er úrval af girnilegum gelato-kökum og eftirréttum sem eru fullkomnir til að njóta eftir jólamáltíð með fjölskyldunni á aðfangadagskvöld.

Ísinn frá Gaeta er til í ýmsum bragðtegundum og búinn til úr bestu ítölsku hráefnum sem völ er á.



Þeir elska ís á veturna. Á Ítalíu borðar fólk ís yfirleitt bara á sumrin og mörgum ísbúðum er lokað yfir vetrartímann, en hér borðar fólk ís allt árið.

Michela Gaeta

cannoli hér á Íslandi þar sem það er erfitt að fá ricotta-ost. En við flytjum ricotta-ostinn inn frá Ítalíu og búum cannoli-ið okkar til í búðinni á Aðalstræti.“

Michele segir tilvalið að fá sér cannoli með kaffibolla eða heitu súkkulaði í búðinni en svo megi einnig kaupa það til að taka með heim og borða eftir góðan mat.

Ítalskt heitt súkkulaði

Í ísbúðum Gaeta er hægt að kaupa ekta ítalskt súkkulaði sem er þykkara en heita súkkulaðið sem Íslendingar eiga að venjast.

„Við bjóðum upp á fjórar útgáfur af heitu súkkulaði. Fyrir utan venjulegt súkkulaði erum við með heitt súkkulaði með saltkaramellu, heitt súkkulaði með ástaraldini og heitt súkkulaði með te-bragði, það bragðast eins og chai latte með kryddblöndu,“ segir Michele.

„Svo núna í tilefni

Hindberja- og ostastertan frá Gaeta er fullkominn eftirréttur á jólinum.

jólanna bjóðum við upp á ítalskt panettone. Það er ítölsk jólakaka. Allir Ítalir borða hana á jólinum, yfirleitt borða þeir hana eftir matinn og svo afganginn í morgunmat daginn eftir. Panettone er búið til úr eggjum, rúsinum og rifnum appelsínuberki,“ útskýrir hann.

„Við erum með þrjár tegundir af panettone hjá Gaeta. Ein er með pistasíum, ein með heslihetum og súkkulaði og svo venjulegt panettone. Við seljum panettone í tveimur stærðum, þau eru hálf kíló og eitt kíló. Það er óhætt að kaupa það nokkrum dögum fyrir jól því það geymist alveg. Panettone er að verða vinsæll jólaeftirréttur um allan heim.“

Michele segir að lokum að það hafi komið honum svolítið á óvart hvað Íslendingar eru sógnir í ís á veturna.

„Þeir elska ís á veturna. Á Ítalíu borðar fólk ís yfirleitt bara á sumrin og mörgum ísbúðum er lokað yfir vetrartímann, en hér borðar fólk ís allt árið. Það er áhugavert af því veturnir hér er miklu kaldari en á Ítalíu,“ segir hann hlajandi og bætir við að hann hlakki til að opna Gaeta-ísbúðir á fleiri stöðum á landinu svo fleiri geti notið þessa gæðaíss.

Auk ísbúðanna er hægt að kaupa panettone og Gaeta-ís í Melabúðinni og Fjarðarkaupum. ■





Starfsstúlkur taka vel á móti viðskiptavinum, Hekla Líf Hrafnadóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir og Þórunn Björgvinsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ísbúð Vesturbæjar ehf. hefur verið starfandi á Hagamel frá árinu 1971. Verslunin er því 50 ára á þessu ári. Verslanirnar eru fimm talsins og má segja að ísbíltúrinn vinsæli hefjist með heimsókn í Ísbúð Vesturbæjar.

Katla Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Ísbúðar Vesturbæjar ehf., segir að Ísbúð Vesturbæjar eigi sér marga tryggja viðskiptavinum sem koma aftur og aftur allan ársins hring. „Með tilkomu nýrra afgreiðslustaða síðustu árin, þá heldur áfram að bætast í hóp góðra viðskiptavina, sem kunna vel að meta hinn svala og kalda „gamla“ ís,“ segir hún.

Ísbúð Vesturbæjar ehf. var fyrst opnuð á Hagamel árið 1971 og var það eina verslunin fram til ársins 2008, þá var önnur verslun opnuð við Grensásveg 50 í Reykjavík. Ísbúðin við Fjarðargötu í Hafnarfirði var opnuð 2010 og sómir sér vel í hjarta bæjarins. Einnig var opnuð verslun við Bæjarlind í Kópavogi árið 2013 og síðan í Skipaholti í Reykjavík árið 2016.

„Ísbúð Vesturbæjar ehf. er þar af leiðandi hálfra aldar gamalt fyrirtæki, sem býður upp á gamla ísinn sem allir þekkja, en það er kaldur og ferskur mjólkurís. Gamla ísinn er hægt að fá í formi vanilluís, súkkulaðiíss og jarðarberjaíss. Einnig er fánlegur rjómaís, sem kallast nýi ísinn. Braðarefurinn er ákaflega vinsæll en ís í boxi ásamt ís í brauð- eða vöfluformi stendur alltaf fyrir sínu, ýmist einn og sér eða með sósum, ídýfum og/ eða sælgæti. Trúðaisinn í boxi eða brauði er uppáhald margra barna, sem oft fá að búa til sinn eigin trúð,“ upplýsir Katla.

Vinsæl gjafabréf

Gjafabréf Ísbúðar Vesturbæjar ehf. fást í miklu úrvali og njóta vaxandi vinsælda enda auðvelt að nálgast þau bæði í verslunum Ísbúðar Vesturbæjar ehf. eða af heimasíðunni isbudvesturbajar.is.

Ísbúð Vesturbæjar í 50 ár



Gjafakort upp á trúðais, bragðaref eða einhvern annan ís hjá Ísbúð Vesturbæjar er kærkomin gjöf.

„Einnig er hægt að kaupa ákveðnar vörur, til dæmis bragðaref, sjeik eða ísveislur. Enn fremur er hægt að velja ákveðna upphæð og viðskiptavinurinn fær að velja sjálfur,“ segir Katla og bætir við: „Sérstök jólagjafabréf eru til sölu, sem nýtast við hin ýmsu tækifæri tengd jólum, þau henta

bæði fyrir einstaklinga, jólasveina og fyrirtæki. Þessi jólagjafabréf hafa þótt hentug fyrir jólasveina í skóinn, í jólavínagjafir eða sem möndlugjöf. Það gleðjast bæði ungir sem aldnir yfir að eiga í vændum ljúffengan ís,“ segir Katla. „Sumir kaupa jólaisinn í lítratáli. Ísveislur eru algengar um jólnin og

allt árið um kring njóta margir þess að bjóða upp á ís með sósum í fjölskyldubodum. Bæði fyrirtæki og félagsmiðstöðvar hafa verið dugleg að gleðja sitt fólk með ís. Boðið er upp á eins lítra umbúðir, tveggja lítra og 4,5 lítra umbúðir. Með þessu er einnig hægt að fá sælgæti til að bragðbæta ísinn fyrir

77 Ísbúð Vesturbæjar ehf. er þar af leiðandi hálfra aldar gamalt fyrirtæki, sem býður upp á gamla ísinn sem allir þekkja, en það er kaldur og ferskur mjólkurís.

þá sem það vilja. Undanfarið hefur verið talsvert um það að fyrirtæki sendi starfsfólki sínu ísveislu, þetta hefur glatt marga sem hafa verið ýmist í sóttkvi eða í einangrun,“ segir Katla.

Gamli ísinn

Ísbúð Vesturbæjar ehf. er þekkt fyrir gamla ísinn, en hann er kaldur og ferskur mjólkurís. „Upprunalegi gamli ísinn hefur verið og er enn framleiddur sérstaklega fyrir Ísbúð Vesturbæjar ehf. og er hann eingöngu fánlegur í verslunum okkar. Gamli ísinn er grunnurinn að því öflugra vörumerki sem Ísbúð Vesturbæjar ehf. er.“

Ísbíltúrinn alltaf vinsæll

Katla segir að Íslendingar séu sérstakir að því leyti að þeir kaupa ís allan ársins hring. Auðvitað er ísinn vinsælastur yfir sumartímann en fólk fær sér ís hvernig sem viðrar. Ísbíltúrar eru hluti af menningu okkar Íslendinga og einnig kærkomin samverustund, að sögn Kötlu. Ísbúð Vesturbæjar ehf. reynir að leggja áherslu á umhverfisvernd og allar umbúðir eru umhverfisvænar. „Við leggjum metnað okkar í samfélagslega ábyrgð og umhverfisvernd er hluti af því,“ segir Katla. ■

Toppaðu

ísinn með réttu íssósunni

Uppskrift að Mars - íssósu

1. Hitið 1-2 dl rjóma í potti
2. Brytjið 4 Mars stykki út í
3. Hrærið vel og þynnið með rjóma eftir smekk



Hafðu það einfalt og gott...



Ísinn vinsæll öldum saman



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr
@frettabladid.is

Ís hefur verið vinsæll öldum saman. Til eru vísanir í rétti sem líkjast ís allt frá fornöld en hann breiddist út á Vesturlöndum á 17. og 18. öld og svo varð sprenging í vinsældum hans á þeirri 20.

Uppruni íssins er óljós, en það eru margar vísanir í matvæli sem hljóma svipað og ís í heimildum frá fornöld og miðöldum, þannig að svo virðist sem fólk í ólíkum heimshlutum hafi fengið svipaðar hugmyndir á ólíkum tímum.

Sumar heimildir rekja upprunann til Persíu um 550 árum fyrir Krist, en aðrar segja að Rómameisarinum Neró hafi blandað snjó við hunang og vín til að búa til fyrsta sorbet-inn. Enn aðrar heimildir rekja upprunann til Mongóla og segja að hann hafi borist til Kína þegar Mongólar gerðu innrás þangað.

Það er álika óljóst hvenær ísinn barst til Evrópu og það eru ýmsar sögur til, en engar þeirra eru studdar traustum heimildum. Þannig er útbreiðsla ís í Evrópu ýmist eignuð Marco Polo, Katrínu af Medici eða Karli I. Englandskonungi. En ís og snjó voru mjög víða verðmæt hráefni í matargerð á ýmsum heitari stöðum á fornöld og miðöldum og það má finna ýmsar vísanir í rétti sem svipar til ís í heimildum.

Útbreiðsla á Vesturlöndum

Fyrstu þekktu heimildirnar um ísát á nýöld eru frá Indlandi, en á 16. öld notað Mughal-veldið

boðleiðir hestamanna til að flytja ís frá Hindu Kush-fjöllunum til höfuðborgar sinnar, Deli. Ísnum var blandað við ávexti til að gera sorbet og hann var líka notaður til að gera kulfi, frosinn mjólkurrétt sem er nokkurs konar hefðbundinn indverskur ís.

Fyrsta evrópska uppskriftin að bragðbættum ís birtist svo árið 1674 í bók eftir Nicholas Lemery og fleiri birtust árin 1692 og 1694 í bókum eftir Antonio Latini og François Massialot, en þetta voru uppskriftir að ís sem er nokkuð frábrugðinn þeim sem við þekkjum og áferðin átti að minna á snjó og sykurl.

Rjómaísuppskriftir birtust svo fyrst á Englandi á 18. öld, sú fyrsta í matreiðslubók frá Mary Eales árið 1718. Aðra uppskrift var að finna í enskri matreiðslubók sem kom út 1751 og árið 1768 kom út frönsk matreiðslubók sem innihélt eingöngu uppskriftir að rjómaís og bragðbættum ís.

Það er fyrst minnst á rjómaís í norður-amerískum heimildum árið 1744 og vitað er að hann var vinsæll meðal yfirstéttarfólks þeim megin við Atlantshafið í byrjun 19. aldar.

Vinsældirnar aukast

Rjómaís virðist hafa verið orðinn aðgengilegur almenningi við Miðjarðarhafið um miðja 18. öld og hann var vinsæll og ódýr á Englandi um miðja 19. öld. Fram til þessa hafði rjómaís verið dýr munaðarvara sem var erfitt að komast í.

Það var ensk kona að nafni



Agnes Marshall sem átti stóran þátt í að gera rjómaís vinsælan meðal millistéttarfólks á 19. öld. Hún skrifaði fjórar matreiðslubækur milli árána 1885-1894, þar af tvær sem voru helgaðar ís, og flutti fyrirlestra um matseld. Það var í bók hennar frá 1888 sem fyrst var minnst á ís í formi en þetta æta ílát varð svo vinsælt eftir heimsýninguna í St. Louis í Bandaríkjunum árið 1904.

Rjómaís gekk svo í gegnum gríðarlegar breytingar á 20. öldinni og varð mun útbreiddari og vin-

sælli, sérstaklega á seinni hluta aldarinnar, eftir að ódýrir kæli-skápar urðu algengir. Þá varð algjör sprenging í framboði, bragðtegundum og gerðum. Ein mikilvægasta nýjungin var mjúkur ís, sem búið er að blanda lofti við, en hann er ódýrari og það er auðvelt að bera hann fram með því að hella honum úr krana í form eða box.

Á níunda áratugnum varð svo þykkari ís vinsæll og byrjað var að selja hann sem gæðaís undir merkjum eins og Ben & Jerry's og Häagen-Dazs. ■

Ís hefur verið vinsæll í mörg hundruð ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

appsláttur

Ís og
íssósúr



Appsláttur:
50%
inneign í
appinu!

Á morgun
**22.
des.**

Sæktu
appið



Nýttu þér dagleg
tilboð í Samkaupa-
appinu.

Gildir í 65 verslunum.



samkaup
VERSLUN VIÐ HENDINA

nettó

Iceland

KJÖRBÚÐIN



Krambúðin



Skúbb þróar stöðugt nýjar ístegundir og því litur ísborðið aldrei eins út.

Ísinn sem hefur slegið í gegn

Ísinn hjá Skúbb hefur verið valinn besti ísinn hjá Reykjavík Grapevine undanfarin fjögur ár. Nokkrir af bestu veitingastöðum landsins bjóða upp á ís frá Skúbb og hann fæst einnig í matvöruverslunum.

Ísgerðin Skúbb hefur heldur betur slegið í gegn síðan hún var stofnuð árið 2017 og hefur meðal annars verið valin af Reykjavík Grapevine undanfarin fjögur ár sem sú ísgerð hérlendis sem býður upp á besta ísinn.

Hugmyndin á bak við Skúbb ísgerð hefur alltaf verið að gera handgerðan ís frá grunni með bestu vörum sem völ er á og velja alltaf lífrænt og aukaefnalaust ef hægt er, segir matreiðslumeistari Einar Þór Ingólfsson hjá Skúbb, sem gjarnan er kallaður best geymda leyndarmál ísgerðarinnar enda maðurinn á bak við ísinn sem Skúbb framleiðir. „Mér finnst skemmtilegast að þróa nýjar ístegundir. Við höfum þróað hundruð bragðtegunda og við erum alltaf með nýjar tegundir í ísborðinu. Svo þróum við líka ístegundir fyrir veitingastaði enda færðu Skúbb ís á mörgum af flottustu veitingastöðum landsins,“ segir Einar.

Skúbb ísinn fæst auk þess í verslunum Nettó, Hagkaupa, Mela-búðinni, Iceland, Krambúðum, Skagfirðingabúð, Frú Laugu og Heimkaupum.

Lífræn mjólk notuð

Skúbb notar eingöngu lífræna mjólk frá Biobú í ísana sína, bætir Einar við. „Úrvalið okkar

Við notum alvöru hræfni við gerð íssins sem gerir bragðið ósvikið, ferskt og engu líkt. Enda hefur ísinn slegið í gegn hjá landsmönnum.

samanstendur af handgerðum ís, íslokum, ísrefum, íssósum, ístertum, smákökum, toppings og fleira. Við notum alvöru hræfni við gerð íssins sem gerir bragðið ósvikið, ferskt og engu líkt. Enda hefur ísinn slegið í gegn hjá landsmönnum.“

Skúbb hefur líka alla tíð lagt áherslu á að bjóða upp á gott vegan úrval og hefur þróað fjölmargar tegundir af vegan ís. Einnig má bæta við að kókudeigið og Skúbb snickers er vegan líka.

Handgerður frá grunni

Einar segir það vera mikinn heiður fyrir Skúbb að hafa verið valinn besti ísinn fjögur ár í röð af Reykjavík Grapevine. „Ísinn er handgerður frá grunni með sérvöldum hræfnum, lífrænni mjólk, lífrænum hráskyri og lífrænum bindiefnum og án allra aukaefna sem skilar sér í bragðinu til viðskiptavina okkar. Það er því sannur heiður að fá þá viðurkenningu að ísinn okkar sé sá besti á Íslandi og það fjögur ár í röð. Við elskum að búa til ísa og prófa okkur áfram í nýjum bragðtegundum. Utan okkar frábæru ísa bjóðum við líka upp á dásamlegar ístertur, til dæmis saltkaramell-ístertu, vegan kókos-, ástaraldin- og mangóístertu og



Ísdósirnar frá Skúbb fást í ýmsum matvöruverslunum um land allt.



Saltkaramellu-ístertan er ein af ljúffengu ístertunum sem Skúbb býður upp á og hafa notið mikilla vinsælda.



Íssósurnar frá Skúbb eru dásamlegar með ísnum.

MYNDIR/ÁSENDAR

Ísinn er handgerður frá grunni með sérvöldum hræfnum, lífrænni mjólk, lífrænum hráskyri og lífrænum bindiefnum og án allra aukaefna.



Einar Þór Ingólfsson, matreiðslumeistari hjá Skúbb

jólaístertuna vinsælu sem er með ristudum möndlum og karamellu-sökkuláði.“

Ísvagninn slær í gegn

Skúbb býður einnig upp á ísveislur sem eru fyrir stóra jafnt sem smáa hópa. Ísveislurnar, sem jafnan vekja mikla lukku, samanstanda af nokkrum tegundum af ís, heima-gerðu gotterií og sósum, segir Einar. „Þar að auki slær ísvagninn hjá Skúbb alltaf í gegn en hann hentar mjög vel fyrir alls kyns viðburði eins og brúðkaup, árshátíðir, bæjarhátíðir og fyrirtækjafögnuði. Þá mætir starfsmaður Skúbb með vagninn og heldur uppi fjörinu með fjórum tegundum af ís og öllu tilheyrandi. Ísvagninn er tilvalinn fyrir hópa yfir 60 manns.“

Ísbúð Skúbb er á Laugarásvegi 1 í Reykjavík. Nánar á skubb.is.



Ísveislur frá Skúbb slá alltaf í gegn.



Ísvagninn frá Skúbb slær alls staðar í gegn.

Ísgerðin á Akureyri annar varla eftirspurn

Mikil gróska hefur orðið í ísgerð og ísgerðarmenningu hér á landi á undanförunum árum.

Nýjar ísbúðir spretta upp og í frystiborðum stórmarkaða sjást orðið nýjar og framandi ístegundir, sumar hverjar íslenskar. Ísgerðin á Akureyri er með fjölda bragðtegunda og selur einnig sex tegundir í stórmörkuðum um land allt.

Eigandi og framkvæmdastjóri Ísgerðarinnar er Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir. „Við erum tíu ára í ár, opnuðum 2011. Þá hétum við Jóger og seldum jógúrtis. Við vorum nú ekki alveg á leiðinni í rekstur á ísbúð en einhvern veginn þróadist lífið í þessa átt. Við hjónin vorum bæði í allt öðrum verkefnum. Ég var að vinna í Reykjavík og ekkert að spá í neinu svona.“

Sköpuðu sér verkefni

Börnunum okkar leið hins vegar ekki nógu vel í Reykjavík svo við drifum okkur bara norður og fórum í að búa okkur til verkefni. Við erum bæði að norðan og þó að okkur hafi líðið vel fyrir sunnan skiptir öllu máli að börnunum líði vel. Við fórum norður áður en við vorum búin að finna okkur vinnu og þetta var ekkert einfalt. Þetta var stuttu eftir hrun og tímarnir skritnir.“

Sem fyrr segir byrjaði ævintýrið á því að Ásdís fór að selja jógúrtis. „Það var svo árið 2014 að við breyttum nafninu í Ísgerðin og komum með ísblöndu sem við þróuðum sjálf. Við blöndum ísinn okkar alveg frá grunni, handhrærum og allt hráefni er ferskt. Fyrir vikið er ekki þetta þykka kremada bragð sem er af íblöndunarefnum sem oft eru sett í hjá stærri verksmiðjum. Fitan í okkar ís er úr rjómanum en ekki olíum eða feiti sem stundum er notað við stærri verksmiðjuframleiðslu. Okkur finnst mikilvægt að blanda frá grunni og nota eingöngu ferskt og gott hráefni.“

Aðeins það besta

Ísgerðin notar ítölsk bragðefni frá litlu fjölskyldufyrirtæki á Ítalíu. „Þau eru vissulega dýr, en ofboðslega góð. Góð bragðefni eru mikilvæg við ísgerð. Þarna koma alveg jarðarberjakjarnarnir með bragðefninu. Við þurfum til dæmis að sigta hindberjakjarnana frá vegna þess að þeir mega ekki fara í vélarnar.“

Við framleiðum ísinn sem fer í pakkningar og kúluis og mjúkisinn sem fer á vélarnar. Framleiðsluferlið er eins en uppskriftn aðeins önnur eftir því hvort um mjúkis eða ítalskan er að ræða.“

Ísgerðin selur ísinn í ísbúðinni á Akureyri en pakkar einnig í hálf lítra umbúðir ís sem seldur er í Hagkaupum, Nettó, Iceland, Krambúðinni og Kjörbúðinni um land allt. Vinsælar bragðtegundir eru Þristurinn og Kókosbolluisinn sem eru með vinsælu sælgæti frá Kólus, eða Sambó, eins og nöfnin gefa til kynna. „Okkur fannst mjög spennandi að nota íslenskt sælgæti og Þristurinn er búinn að vera vinsælasta sælgætið í mörg ár,“ segir Ásdís.

Þristurinn er handhakkður til að fá hann í nákvæmlega þeirri stærð sem hentar og bitar af sælgætinu eru í ísnum. „Þetta er sko alveg ekta handavinna. Það er nákvæmniwerk að hafa stærðina á bitunum rétta vegna þess að ef þeir eru of stórir verða bitarnir of harðir þegar þeir eru kaldir og ef þeir eru of litlir finnur fólk ekki nógu vel fyrir sælgætinu.“

Við erum ekki mikið í að nota



Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir er eigandi og framkvæmdastjóri Ísgerðarinnar á Akureyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN



Hátíðarísinn er svo vinsæll í desember að Ísgerðin annar varla eftirspurn enda er hann algert lostæti.

venjulega vanillu í okkar ís. Það er of einfalt fyrir minn smekk. Vanilluisinn okkar er til dæmis ekki bara með vanillubragði heldur líka öðru bragði sem styður við og ýtir undir gott vanillubragð. Í öllum okkar ís notum við fleiri en eina bragðtegund til að kalla fram djúpt og margslungið bragð. Ég hef það fyrir reglu að mér verður að þykja ísinn góður til að við framleiðum hann,“ segir Ásdís.

Sykurlausi ísinn frá Ísgerðinni kemur sterkur inn í janúar

Ásdís segist ekki hafa tölu á þeim bragðtegundum sem eru í boði í ísbúðinni en sex tegundir eru í sölu úti um allt land. „Það er Þristurinn, Kókosís með kókosbollum, Myntuís sem er blanda af myntu og súkkulaði, Kókudeig og svo er það þrefalt súkkulaði sem er alveg löðrandi í súkkulaði. Síðan erum við með sykurlausan ís sem

Vinsælar bragðtegundir eru Þristurinn og Kókosbolluisinn sem eru með vinsælu sælgæti frá Kólus, eða Sambó, eins og nöfnin gefa til kynna.

heitir Macros, alveg æðislegur, og hentar vel þeim sem telja kaloríur ofan í sig.“

Macros-ísinn er mjög vinsæll en ekki samt í desember. Fólk er greinilega ekki mikið að telja kaloríurnar í jólamánuðinum. Hann kemur svo sterkur inn í janúar.

„Í desember erum við með hátíðarís. Það er alltaf sami ísinn, sem mér finnst alveg ofboðslega bragðgöður. Þetta er blanda af súkkulaði og karamellu og svo nota ég amaretto-bragðefni í hann til að fá smá marsipan-keim. Hátíðarísinn er framleiddur í hálf lítra pakkningar og líka sem ístertur og við höfum ekki undan að framleiða hann, svo vinsæll er hann. Fram til þessa hefur hátíðarísinn einungis verið fáanlegur í desember en nú verður einnig boðið upp á hann um páskana vegna ítrekaðra óska um það.“

Ísframleiðslan er í sama hús-næði og ísbúðin. „Við erum lítið fyrirtæki. Við erum þrjár sem vinnum á daginn og svo eru skólakrakkar sem vinna á kvöldin, einn eða tveir. Þetta fjölfaldast alveg á sumrin. Ég hef verið spurð hvort ég ætli ekki að fara að opna í Reykjavík en það er dálítið stökk í umsvifum og utanumhaldi að gera það og við höfum ekki farið út í það enn þá. Við ætlum áfram að einbeita okkur að því að vera lítið fjölskyldufyrirtæki á Akureyri. Ef fólk vill fá Ísgerðarís brakandi ferskan verður það að koma til Akureyrar.“

Þróð og góð afgreiðsla

Ísgerðarísinn hefur ákveðna sérstöðu vegna þess að erfitt er að setja sælgætisbita í verksmiðjuframleiddan ís. Allur ís Ísgerðarinnar er handgerður og því getur hún boðið upp á ís með Þrista-molum og kókosbollum eða öðru sælgæti.

En er ekki Brynju-ísinn helsta samkeppnin við Ísgerðina? „Nei, alls ekki. Hann er bara samkeppni eins og aðrar tegundir og mér finnst frábært að fólk geti valið úr mörgum framleiðendum og mörgum tegundum.“

Ísgerðin er með sjálfsafgreiðslu í ísbúðinni og fyrir vikið gengur afgreiðslan mjög hratt fyrir sig, jafnvel þegar bongó-blíða er úti. Fólk fær sér box, velur úr sex bragðtegundum og ferska ávexti, eða sælgæti, vigtar, borgar og fer svo út í blíðuna með sinn ís. „Við erum auðvitað líka með afgreiðslu þar sem hægt er að fá bragðaref, ís í brauði og svo framvegis en einnig erum við með salt, samlokur og ýmislegt fleira. En við erum eina ísbúðin á Akureyri sem er með sjálfsafgreiðslu. Krökkum finnst það voða spennandi. Við erum til dæmis enga stund að afgreiða heilu hópana á N1-mótinu og öðrum fjölmennum íþróttamótum sem haldin eru á Akureyri,“ segir Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir og vindur sér í að blanda hátíðarísinn í ístertur sem beðið er eftir. ■

Allur ís Ísgerðarinnar er handgerður og því getur hún boðið upp á ís með Þrista-molum og kókosbollum eða öðru sælgæti.

Berðu af í skíða- fatnaði frá

Peak Performance



GG • SPORT

Stingum af ...



Opnunartími jóla:
Virkir dagar: 10:30-18
Porláksmessa: 10:30-19
Aðfangadagur: 10-12



Tveir renndir
handvasar

Tveggja átta YKK AquaGuard®
vatnsþéttur rennilás að framan
og á vösum

Stillanlegt band í mitti

3 laga GoreTex®
Pro skelbuxur

Vitt snið á skálmum

Snjóhlíf að innanverðu
við stroff

Stillanleg hetta sem hentar
með notkun hjálms

RECCO® Rescue tækni
(endurvarpsflaga)

Loftgat í handvegi

3 laga GoreTex® Pro
skeljakki

Styrking á álagssvæðum

Stillanlegt stroff
á ermum

YKK AquaGuard®
rennilásar

Góð loftun

Styrking á álagssvæðum

RECCO® Rescue tækni
(endurvarpsflaga)

Vislight Pro 3L



Vertical Pro ♂♀
Skeljakki
Verð **129.990 kr.**



Vislight Pro ♂♀
Skeljakkar
Verð **105.990 kr.**



Vertical 3L ♂♀
Skiðaskeljakkar
Verð **76.990 kr.**



Maroon ♂
Skiðaúlpa
Verð **52.990 kr.**



Anima ♀
Skiðaúlpa
